# Fundargerð 274. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 10. janúar 2023
**Fundartími:** 9:00-9:55
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 251, dags. 14.12.2022**
   a) **Hnaus; Hnaus 2; Breytt landnotkun (F16 og F16D); Aðalskipulagsbreyting – 2207019**
   Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland, ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715.

   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123-2010.*

   Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland, ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715.

   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athuga þarf lóðanúmer Hnaus lóð L17893.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   b) **Hnaus 2; Mosató 3 L225233; Stækkun hótels; Aðalskipulagsbreyting – 2207020**
   Lögð fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að reiknað er með auknu umfangi og heimildum fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á lóð Mosató 3 L225233. Gerð verður grein fyrir auknu umfangi hótels með gistiplássi fyrir allt að 60 manns. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m2 í 2.300 m2 og hámarksfjöldi herberja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi.

   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

   Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að reiknað er með auknu umfangi og heimildum fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á lóð Mosató 3 L225233. Gerð er grein fyrir auknu umfangi hótels með gistiplássi fyrir allt að 60 manns. Í

breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m2 í 2.300 m2 og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Hraungerði L166237; Heimild til deiliskipulagsgerðar; Fyrirspurn – 2211055**

Lögð er fram fyrirspurn frá Jóni Tryggva Guðmundssyni er varðar deiliskipulagningu landspildu úr jörðinni Hraungerði. Gert er ráð fyrir heimildum sem taka til íbúðarhúss með bílskúr, tveggja stakstæðra heilsárshúsa og gróðurhúss auk þess sem gert verði ráð fyrir útihúsum ætlaðar fyrir fóður- áburðar- og orkuframleiðslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við gerð deiliskipulags á svæðinu á grundvelli framlagðrar fyrirspurnar.

Fyrir liggur fyrirspurn frá Jóni Tryggva Guðmundssyni er varðar deiliskipulagningu landspildu úr jörðinni Hraungerði. Gert er ráð fyrir heimildum sem taka til íbúðarhúss með bílskúr, tveggja stakstæðra heilsárshúsa og gróðurhúss auk þess sem gert verði ráð fyrir útihúsum ætlaðar fyrir fóður- áburðar- og orkuframleiðslu.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við gerð deiliskipulags á svæðinu á grundvelli framlagðrar fyrirspurnar. Sveitarstjórn bendir á að mögulega þurfi að gera aðalskipulagsbreytingar í tengslum við breytta landnotkun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Skálmholt; Huldu- og Maríuhólar; Íbúðabyggð; Deiliskipulag – 2211052**

Lögð er fram umsókn um deiliskipulag íbúðarbyggðar í landi Skálmholts. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni 8.751 fm til 16.42 fm. Auk þess eru á svæðinu fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir. Heildarfjöldi íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús og útihús, geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagið til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur umsókn um deiliskipulag íbúðarbyggðar í landi Skálmholts. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni 8.751 fm til 16.428 fm. Auk þess eru á svæðinu fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir. Heildarfjöldi íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús og útihús, geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Merkurlaut 2 L166422; Konungslaut; Stofnun lóðar – 2208088**

Lögð er fram umsókn frá Brynhildi Tómasdóttur er varðar stofnun lóðar úr landi Merkurlautar 3 alls 13.873,8 fm að stærð. Óskað er eftir því að staðfang lóðarinnar verði Konungslaut.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Gerð er athugasemd við framlagt staðfang lóðarinnar. Að mati nefndarinnar samræmist skráning staðfanga innan svæðisins í heild sinni ekki markmiðum reglugerðar*

*um skráningu staðfanga. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við umsækjanda um samræmingu staðfangs við ofangreinda reglugerð.*

Fyrir liggur umsókn frá Brynhildi Tómasdóttur er varðar stofnun lóðar úr landi Merkurlautar 3 alls 13.873,8 fm að stærð. Óskað er eftir því að staðfang lóðarinnar verði Konungslaut.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Sveitarstjórn tekur undir athugasemd skipulagsnefndar UTU við framlagt staðfang lóðarinnar um að skráning staðfanga innan svæðisins í heild sinni samræmist ekki markmiðum reglugerðar um skráningu staðfanga. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við umsækjanda um samræmingu staðfangs við ofangreinda reglugerð.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Skyggnir L197781; Fjölgun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting – 2207005**
Lögð er fram umsókn frá Helga Eyjólfssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Skyggnis L197781. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarksbyggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.919 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi var synjað á fundi sveitarstjórnar þann 9.8.22 vegna misræmis við aðalskipulag. Gerð ver óveruleg breyting á aðalskipulagi Flóahrepps sem tekur til svæðisins þar sem skilgreindur var verslunar- og þjónustureitur innan lóðarinnar.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Málið verði sérstaklega kynnt landeigendum aðliggjandi lands.*

Fyrir liggur umsókn frá Helga Eyjólfssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Skyggnis L197781. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarksbyggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.919 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi var synjað á fundi sveitarstjórnar þann 9.8.22 vegna misræmis við aðalskipulag. Gerð var óveruleg breyting á aðalskipulagi Flóahrepps sem tekur til svæðisins þar sem skilgreindur var verslunar- og þjónustureitur innan lóðarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Málið verði sérstaklega kynnt landeigendum aðliggjandi lands.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) **Flóaskóli og Þjórsárver; Skólasvæði og félagsheimili; Deiliskipulag – 2204025**
Lögð er fram að nýju tillaga nýs deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjórsárvers eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins. Umsagnir sem bárust vegna málsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt athugasemd.

*Skipulagsnefnd UTU telur ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við eða breyta framlagðri tillögu á grundvelli þeirra umsagna eða athugasemda sem bárust á auglýsingartíma deiliskipulags. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt skipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur að nýju tillaga nýs deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjórsárvers eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins. Umsagnir sem bárust vegna málsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt athugasemd.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við eða breyta framlagðri tillögu á grundvelli þeirra umsagna eða athugasemda sem bárust á auglýsingartíma deiliskipulags. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt skipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingafulltrúa nr. 176. dags. 04.01.2023**
   Afgreiðslur byggingafulltrúar nr. 176. lagðar fram til kynningar.
3. **Húsnæðisáætlun Flóahrepps 2023**
   Afgreiðslu frestað þar sem vantar yfirfarið eintak frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
4. **Viðmiðunarreglur um snjómokstur í Flóahreppi**
   Fyrir liggja viðmiðunarreglur um snjómokstur í Flóahreppi. Reglurnar byggja á þríhliða samningi Flóahrepps, Vegagerðarinnar og verktaka vegna moksturs og hálkuvarna á héraðs- og tengivegum, á reglum um vetrarþjónustu hjá Vegagerðinni og á öðrum sambærilegum viðmiðunarreglum hjá öðrum sveitarfélögum varðandi mokstur í dreifbýli.
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar viðmiðunarreglur um snjómokstur í Flóahreppi og að þær verði birtar á heimasíðu Flóahrepps og á öðrum miðlum sem sveitarfélagið hefur yfir að ráða.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
5. **Starfsskýrsla Krakkaborgar 2022-2023**
   Fyrir liggur að nýju starfsskýrsla Krakkaborgar fyrir 2022-2023.
   Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða starfsskýrslu og staðfestir hana.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
6. **Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps**
   Fyrir liggja að nýju samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps eftir ábendingar og athugasemdir frá Innviðaráðuneytinu sem unnið hefur verið úr.
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar samþykktir og felur sveitarstjóra að senda þær að nýju til Innviðaráðuneytis til lokayfirferðar og birtingar.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
7. **Íbúafundur**
   Lagt er til að boðað verði til íbúafundar á næstu vikum til að kynna nánar lagabreytingu um meðhöndlun úrgangs og fyrirkomulag úrgangsflokkunar innan sveitarfélags. Rætt verði við fulltrúa Íslenska Gámafélagsins um aðkomu að kynningu á íbúafundi. Einnig verði farið yfir nýsamþykktar viðmiðunarreglur um snjómokstur í sveitarfélaginu ásamt öðrum málum. Sveitarstjóra falið að hafa samband við ÍGF um að komu að kynningu og jafnframt að boða til íbúafundar ekki síðar en 26. janúar 2023 með opinberri auglýsingu sem birt skal ekki síðar en 10 dögum fyrir fundardag.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
8. **Fundargerðir:**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 272, dags. 15.12.2022 og nr. 273, dags. 22.12.2022
   b) Stjórnar SASS nr. 588, dags. 26.10.2022 og nr. 590, dags. 02.12.2022
   c) Aðalfundar SASS dags. 27.10.2022-28.10.2022
   d) Framkvæmda- og veitunefndar Flóahrepps nr. 10, dags. 10.11.2022 og nr. 11, dags. 08.12.2022
   e) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 54, dags. 12.12.2022
   f) Svæðisskipulag Suðurhálendis nr. 22, dags. 22.11.2022 og nr. 23, dags. 15.12.2022
   g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 916, dags. 14.12.2022

**9. Efni til kynningar**

a) Niðurstöður úr jafnlaunavottun Flóahrepps 2023
b) Boð á hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands
c) Uppfærðar gjaldskrár UTU fyrir 2023
d) Frá nefndarsviði Alþingis til umsagnar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (orkuskipti), 537. mál
e) Frá nefndarsviði Alþingis til umsagnar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar á fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, 538. mál
f) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 7.febrúar 2023.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Elín Höskuldsdóttir (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

# Fundargerð 140 fundar fræðslunefndar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** Þriðjudagur 17.janúar 2023
**Fundartími:** Flóaskóli: 15.30 – 16.15
Sameiginleg málefni 16.15 – 17.15
Krakkaborg: 17.15 – 17.40

**Fundarmenn:** Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður
Anný Ingimarsdóttir, aðalmaður, ritari
Snædís Mjöll Kristjánsdóttir, aðalmaður
Axel Pál Einarsson, aðalmaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar
Þórdís Þormóðsdóttir aðstoðarskólastjóri Krakkaborgar

Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla boðaði forföll

Gunnlaug Hartmannsd.
Sigrún Helgadóttir
Anný Ingimarsdóttir
Þórdís G. Þormóðsd.
Snædís Mjöll Kristjánsdóttir
Axel Páll Einarsson
Sara Guðjónsd
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Bjarni Stefánsson

Málefni Flóaskóli

1. Gunnlaug lagði fram stutta samantekt úr skólastarfinu. Flóaskóli sigraði í matreiðslukeppni grunnskólanum í nóvember, í aðdraganda jóla var t.d. kyndlaganga um skólalóð, helgileikur og jólahringekjur. Óveður setti strik í reikninginn hvað varðar síðustu daga fyrir jól. Nú eftir áramót er boðið upp á morgunhressingu fyrir alla nemendur og fer það vel af stað. Á næstunni verður lesferill lagður fyrir skv.áætlun. Skýrt frá smávægilegum breytingum á strfsmannahaldi.
2. Innra mat – yfirferð á stöðu og hvað er framundan. Stofnaðir verða rýnihópar nemenda og rýnihópar kennara til að fara yfir þætti sem einkum komu fram í skólapúlsinum. Jafningjamat kennara hefur farið fram. Foreldrakönnun er framundan. Þrír kennarar stýra teymi um innra mat. Til skoðunar er hvort innleiða ætti nýtt matskerfi fyrir skólastarf sem kallast Bravo lession matskerfi.
3. Önnur mál.
   Ytra mat. Vegna skýrslu Menntamálastofnun um ytra mat hefur stofnunin móttekið umbótaáætlun og framvinduskýrslu skólans og sveitarfélagsins. Menntamálastofnun óskar eftir upplýsingum um framkvæmd og stöðu þeirra umbóta sem áætlaðar voru skólaárið 2022-2023. Skólastjóri Flóaskóli svarar þessu erindi eins og venja hefur verið.

GMK

RFS

MDG · SH

AI

GH

Sameiginleg málefni

4. Skólastefna Flóahrepps. Gunnlaug og Sigrún Helgadóttir lögðu upp umræðu um skólastefnu Flóahrepps sem lokið var við árið 2021 og gildir árin 2022-2025. Góð umræða skapaðist um hvernig mætti gera stefnuna virkari meðal starfsfólks skólanna, nemenda og foreldra. Framhald þess verkefnis verður að starfsfólk skólanna fara í gegnum stefnuna og þá fjóra meginþætti hennar, mannauð, umgjörð, samfélag og umhverfi, hvaða leiðir er að markmiðunum, hvað er gert og hvað er hægt að bæta. Skólastefnan verði tekin fyrir aftur í fræðslunefnd í mars nk.
5. Önnur mál.

Málefni Krakkaborgar

6. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt.Sara Guðjónsdóttir sagði frá starfi leikskólans. Vel gengur með mönnun skólans, starfsfólk sem hefur unnið áður í Krakkaborg er að koma aftur til starfa í skólanum. Sumarleyfi verður samkvæmt upphaflegu skóladagatali. Nýting á leikskólaplássi var mjög lítil milli jóla og nýárs.Í febrúar koma tveir nemar í leikskólafræðum í starfsnám. Dagur leikskólans verður 6.febrúar og þá verður opið hús. Styrkir hafa komið til kaupa á öðru bambahúsi og verður það nýtt til útikennslu.
7. Stuðningur við starfsfólk í námi. Fyrirspurn hefur borist um hvort sveitarfélagið muni styðja við nám meðfram starfi í leikskólanum. Ákveðið að skoða eldri reglur um stuðning við starfsfólk í námi og taka fyrir á næsta fundi fræðslunefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.45

# 47. stjórnarfundur Bergrisans bs.

30.11.2022

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 08:10

**Mætt:**
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Íris Ellertsdóttir og Melkorka Jónsdóttir.

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir þjónusturáðs nr. 157-161

Samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks
Þjónusturáð leggur til að félagsþjónustusvæðin útfæri hvert um sig samsetningu samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks hvers sveitarfélags eða samstarf þeirra innan félagsþjónustusvæðis.

Fagteymi Bergrisans
Þjónusturáð samþykkir að fulltrúar fagteymis hafi varamenn sem sæki fundi í þeirra stað komi til forfalla.
Lagt er til vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga hjá Árnesþingi að fjölgað verði í fagteymi um tvo ráðgjafa. Með því móti verður einn fulltrúi frá hverju velferðarþjónustusvæði, þ.e. Hveragerði, Ölfus, Uppsveitir og Flói.

Stjórn Samþykktir samhljóða fundargerðir og tillögur þjónusturáðs

2. Aðgerðaráætlun vegna stjórnsýslu- og rekstrarúttektar

Fyrir liggur stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á Bergrisanum. Í skýrslu HLH ráðgjafar vegna úttektarinnar eru lagaðar fram tillögur að breytingum. Á næstu vikum verður farið í að forgangsraða og yfirfara þær tillögur og munu þessar tillögur og breytingar innan þjónustusvæðisins kalla á breytingar á samþykktum Bergrisans bs.

Stjórn felur verkefnastjóra Bergrisans bs. framkvæmd verkefisins

Fundi slitið klukkan 09:00

# 48. stjórnarfundur Bergrisans bs.

19.12.2022

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

**Mætt:**
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Íris Ellertsdóttir og Melkorka Jónsdóttir.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

## 1. Þjónusturáð

Fyrir liggur að forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. lætur af störfum um áramótin vegna þeirra breytinga sem eiga sér stað innan byggðasamlagsins og er því nokkur óvissa um framhaldið og hver muni sitja í þjónusturáði Bergrisans fyrir það svæði.

Stjórn Bergrisans hvetur stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. til að tilnefna aðila í þjónusturáðið sem fyrst, hvort sem það verður einn aðili fyrir byggðasamlagið til að byrja með eða þrír aðilar þar sem það stefni í að þjónustusvæðin verði þrjú við breytingarnar. Það má ekki vanta fulltrúa af svæðinu í þeirri vinnu sem þjónusturáðið sinnir.

## 2. Fundarhald stjórnar

Rætt um fundarhald stjórnar Bergrisans á nýju ári.

Stjórn Bergrisans samþykkir samhljóða að halda svipuðu fyrirkomulagi fyrri part árs líkt og verið hefur, þar sem fyrir liggur að líklegast bætist við tveir fulltrúar í stjórn á nýju ári vegna breytinga hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

## 3. Aukaaðalfundur

Fyrir liggur að breytingar eru að verða á fyrirkomulagi þjónustu ákveðinna sveitarfélaga innan þjónustusvæðis Bergrisans ásamt því að fyrir liggur úttektarskýrsla frá Haraldi L. Haraldssyni á Bergrisanum þar sem farið var í greiningu á rekstri og stjórnsýslu. Samhliða greiningunni skilaði hann einnig tillögum að breytingum. Á næstu vikum verður farið í að forgangsraða og yfirfara þær tillögur og munu þessar tillögur og breytingar innan þjónustusvæðisins kalla á breytingar á samþykktum Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans samþykkir því samhljóða að boða til aukaaðalfundar Bergrisans þann 20. febrúar næstkomandi klukkan 13:00.

## 4. Starfsdagur

Haldinn var starfsdagur hjá fagteymi, þjónusturáði, forstöðumönnum og deildarstjórum þann 15. desember síðastliðinn og var stjórn boðið að koma og fá kynningar. Dagurinn tókst vel og liggur fyrir að stjórn muni heimsækja allar stofnanir Bergrisans á nýju ári.

## 5. Húsnæðissjálfseignarstofnunin Arnardrangur

Sveitarfélögin sem reka og eiga byggðasamlagið Bergrisann bs. eru einnig eigendur að húsnæðissjálfseignarstofnuninni Arndardrangi hses. Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses í Nauthaga 2 er hafin en vegna veikinda hjá Húsnæðis- og mannvirkjarstofnun hefur útgreiðsla stofnframlaga dregist.
Greiða þarf út fjármagn til að vinna við byggingu íbúðakjarnans geti haldið áfram og þarf því að grípa til aðgerða að hálfu Bergrisans bs. til að uppbygging frestist ekki lengur en hefur gert.

Stjórn Bergrisans samþykkir samhljóða að lána Arnardrang hses. 14.422.148.- krónur vegna framvindu 1 til 2 við uppbyggingu á íbúðarkjarna í Nauthaga 2.

## 6. Vallholt 27

Heiða Ösp kynnti tillögur um þróun á húsnæði við Vallholt 27.

Stjórn Bergrisans samþykkir samhljóða að fela Írisi og Heiðu að skoða málið nánar og kynna fyrir stjórn á næsta ári.

## 7. Samkomulag um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

Fyrir liggur að gengið hefur verið frá samkomulagi milli þriggja ráðuneyta og sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks frá því sem kveðið var á um í endanlegu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga dagsett þann 15. desember 2015. Á heimasíðu sambandsins segir: „Gert er ráð fyrir að útsvarsálagning sveitarfélaga hækki um 0,22% stig gegn samsvarandi lækkun tekjuskattsálagningar ríkisins. Skattbyrði einstaklinga breytist því ekki með þessari aðgerð. Fjárhæðin sem flyst frá ríki til sveitarfélaga með þessu nemur um 5 ma.kr. á næsta ári. Viðeigandi lagabreytingar verða samþykktar á Alþingi og allar sveitarstjórnir þurfa að samþykkja 0,22% stiga hækkun útsvars fyrir áramót, svo samkomulagið raungerist. Sveitarfélögin hafa kallað eftir mun hærra framlagi frá ríkinu vegna þessar þjónustu, en hallinn á rekstri hennar nam um 14,2 ma.kr. á síðasta ári og líkur eru á að hallinn á þessu ári nemi svipaðri fjárhæð. Aðilar samkomulagsins sammælast um að áfram verði unnið að greiningu á þróun útgjalda vegna þjónustunnar og leitast við að ná samkomulagi um styrkingu á fjárhagsgrundvelli hennar á næsta ári".

Stjórn Bergrisans fagnar því að aukið fjármagn eigi að koma inn í málaflokkinn en ítrekar áhyggjur sínar bæði af vaxandi halla og uppsöfnuðum halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Þetta fjármagn eins og segir hjá sambandinu kemur að hluta til móts við langvarandi halla á rekstri

málaflokksins undanfarin ár en enn verður til staðar uppsafnaður halli síðustu ára. Nýleg greining starfshóps ráðherra á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020 sýnir að rekstrarniðurstaða sveitarfélaga landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hafði þá þrefaldast á þremur árum frá 2018. Ljóst er að hallinn á árinu 2021 var umtalsvert meiri.

Fundi slitið klukkan 13:35.

# 1. stjórnarfundur Arnardrangs hses.

19.12.2022

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:35

**Mætt:**
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir og Arnar Haraldsson sem vék af fundi eftir lið 1.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

## 1. Rekstraráætlun Nauthagi 2

HLH ráðgjöf hefur undanfarið unnið að drögum að rekstraráætlun fyrir íbúakjarnann við Nauthaga 2 sem Arnardrangur hses er að byggja. Arnar Haraldsson hjá HLH fór yfir rekstraráætlunina næstu 3 árin, settar voru fram fjórar sviðsmyndir sem allar höfðu það sameiginlegt að hafa sjálfbærni Arnardrangs hses. að leiðarljósi. Arnar ætlar að laga til áætlunina miðað við umræður á fundinum og í kjölfarið þarf stjórn Arnardrangs hses. að ákveða þá leið sem farin verður.

## 2. Nauthagi 2

Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses. í Nauthaga 2 er hafin en vegna veikinda hjá Húsnæðis- og mannvirkjarstofnun hefur útgreiðsla stofnframlaga dregist. Greiða þarf út fjármagn í dag til að vinnan geti haldið áfram og hefur stjórn Bergrisans samþykkt að lána Arnardrangi fjármagn að upphæð 14.422.148.- krónur vegna framvindu 1 til 2 til að uppbyggingin frestist ekki enn lengur en hefur gert.

## 3. Aukaverk vegna Nauthaga 2

Fyrir liggur að fallið hefur til aukaverk við uppbyggingu á íbúðarkjarnanum við Nauthaga 2 vegna brottaksturs á efni en skipulagsyfirvöld í Árborg hafa ekki gefið leyfi fyrir að færa efni utan lóðar líkt og gert var ráð fyrir í útboðsgögnum. Kostnaðurinn við verkið er u.þ.b. 2,5 milljónir.

Stjórn Arnardrangs staðfestir að farið verði í aukaverkið en það rúmast fyrir innan áætlunar um aukaverk vegna byggingu íbúðarkjarnans.

Fundi slitið klukkan 14:00.

# Fundargerð félagafundar SOS

# 4. janúar 2023

**Staður:** Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

**Dagsetning og tími:** 4. janúar 2023 kl. 13:00.

**1. Setning fundar**
Anton Kári Halldórsson, formaður stjórnar SOS, setur fundinn kl. 13:00.

**2. Kjör fundarritara**
Formaður stýrir fundi.

Formaður tilnefnir frá Hveragerðisbæ Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

**3. Lögmæti fundarins**
Formaður gerir grein fyrir mætingu á fundinn. Alls eru 9 kjörgengir fulltrúar mættir til fundar: Árni Eiríksson fyrir Flóahrepp, Bragi Bjarnason fyrir Árborg, Ása Valdís Árnadóttir fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp, Eggert Valur Guðmundsson fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu (Rangárþing ytra, eystra og Ásahrepp), Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir fyrir Hveragerðisbæ, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson fyrir Bláskógabyggð, Elliði Vignisson fyrir Ölfus, Haraldur Þór Jónsson fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Aldís Hafsteinsdóttir fyrir Hrunamannahrepp. Fundurinn því lýstur lögmætur.

**4. Orkugerðin ehf. – Tillaga um kaup vegna aukningar hlutafjár**
Formaður fer yfir þegar samþykkta aukningu hlutafés í Orkugerðinni ehf. frá 25. nóvember sl. vegna áætlaðra fjárfestinga í stækkun húsnæðis og kaupum á nýjum búnaði til að auka afköst og svara þannig aukinni eftirspurn vinnslu og afurða og tillögu stjórnar til kaupa á hlutafé í félaginu, en stjórn lýsti á fundi sínum þann 12. desember 2022 yfir áhuga á að kaupa það hlutafé vegna hlutafjáraukningarinnar sem verður ekki selt til fyrirhugaðra kaupenda utan hluthafahópsins til þess að viðhalda eignarhlut sínum í hlutfalli við aðra eigendur og boðaði af því tilefni til fundar þessa.

**Formaður ber upp eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:**

> Stjórn SOS leitar samþykkis aðildarsveitarfélaga sorpstöðvarinnar til að kaupa hlut í félaginu Orkugerðin ehf. fyrir 24.552.000 kr. auk vaxta, en það er fjárhæðin sem til þarf til þess að viðhalda eignarhlut SOS í hlutfalli við aðra eigendur Orkugerðarinnar.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Elliði Vignisson, Eggert Valur Guðmundsson, Bragi Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Fjóla St. Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Guðmundsson og Ásta Stefánsdóttir taka til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og er samþykkt með 8 atkvæðum. Eggert Valur Guðmundsson, Sorpstöð Rangárvallasýslu, greiðir atkvæði með tillögunni með fyrirvara um samþykki stjórnar Sorpstöðvar Rangæinga. Elliði Vignisson, Ölfusi, greiðir atkvæði gegn tillögunni með þeirri skýringu að hann teldi eðlilegra að fela einkaaðilum aukið hlutverk í sorpumsýslu frekar en að sveitarfélögin verji stöðu sína.

**5. Önnur mál**

Fleiri mál ekki á dagskrá.

Fundurinn felur fundarritara að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið klukkan 13:50

**Hulda Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Oddviti Bláskógabyggðar <oddviti@blaskogabyggd.is> |
| **Sent:** | mánudagur, 16. janúar 2023 09:12 |
| **To:** | Ásta Stefánsdóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Haraldur Þór Jónsson; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; Hulda Kristjánsdóttir; fjolask@arborg.is; Elliði Vignisson; Geir Sveinsson |
| **Cc:** | arsenal65; 'Arna Ír Gunnarsdóttir'; Sandra Hveragerði; Gestur Þór Kristjánsson; Ingibjörg Garðarsdóttir; jonbjarna@fludir.is; brynhildurj@arborg.is |
| **Subject:** | Fundargerð aukafundar HÁ |
| **Attachments:** | Fundargerð - Aukafundar HÁ janúar 2023.pdf; Bref til aðildarsv 16. jan 23.pdf; Héraðsnefnd Árnesinga skipting framlaga 2023.pdf |

Sæl öll.

Í viðhengi er erindi og fundargerð sem þarfnast staðfestingu aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar Árnesinga. Þá er einnig skipting framlaga til Héraðsnefndar fyrir árið 2023.

Þið hafið samband ef einhverjar spurningar vakna.

Kveðja, Helgi Kjartansson
Formaður Héraðsnefndar Árnesinga

*Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar*
*Aratunga, 806 Selfoss*
*Sími: 480-3000 og 898-1552*
*Netfang: oddviti@blaskogabyggd.is*
*Veffang: www.blaskogabyggd.is*

BLÁSKÓGABYGGÐ

*Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.*

**Héraðsnefnd Árnesinga bs.**

28. fundur - aukafundur haldinn í Ráðhúsi Árborgar 10. janúar 2023

**1. Fundarsetning**

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árnesinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

**2. Leiðrétting á skráningu á eignarhaldi á Árvegi 3 Selfossi**

Helgi Kjartansson, formaður, fer yfir erindi sem barst frá Ríkiseignum varðandi Árveg 3, heilbrigðisstofnu. Þar er óskað eftir að leiðréttingu á skráningu eignarhalds á fasteigninni Árvegur 3, L161836, Selfossi, þannig að Heilbrigðisstofnun Suðurlands verði skráður eigandi.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Helgi Kjartansson, formaður, leggur fram eftirfarandi tillögu:

*Héraðsnefnd Árnesinga bs. lýsir því yfir með undirskrift sinni að Heilbrigðisstofnun Suðurlands er núverandi eigandi lóðarinnar Árvegur 3 og þeirra mannvirkja sem á fasteign þeirri standa.*

*Héraðsnefnda Árnesinga bs. samþykki samhljóða að veita formanni Héraðsnefndar Árnesinga bs. Helga Kjartanssyni, kt. 021171-5499 umboð til að undirrita eignayfirlýsingu vegna Árvegs 3, F2185365. Verður þar með Heilbrigðisstofnun Suðurlands kt. 670804-2750 skráð 100% eigandi lóðarinnar og þeirra mannvirkja sem á fasteign þeirra standa.*

Þorsteinn Tryggvi Másson, frá Héraðsskjalasafni Árnesinga kemur inn á fundinn.

**3. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga**

Helgi Kjartansson, formaður, fer yfir þá tvo valkosti sem hafa verið til skoðunar hjá framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga bs. sem húsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga.

- Hafnarskeið 6, Þorlákshöfn (Meitilshúsið)
- Hellismýri 8, Selfossi

Framkvæmdastjórn óskar eftir skýrri niðurstöðu fundarins um hvernig haga skuli húsnæðismálum fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Til máls tekur auk formanns Árni Eiríksson.

Helgi Gunnlaugsson og Bernharð Bogason fulltrúar Hafnarskeiðs koma inn á fundinn.
Helgi kynnir húsnæði sem þeir bjóða undir Héraðsskjalasafn Árnesinga að Hafnarskeiði 6, Þorlákshöfn gamla Meitilshúsinu. Fyrirhugað er að byggja ofan á húsið og vera með bæði íbúðir og aðra starfsemi í húsnæðinu. Sýnir hann teikningar af húsinu, bæði útlit og innviði. Í boði er hvort sem er að leigja eða kaupa húsnæðið. Áætlað er að hægt verði að afhenda húsnæðið sex mánuðum eftir að kaup- eða leigusamningur hefur verið undirritaður.

Til máls taka auk formanns og Helga Gunnlaugssonar, Friðrik Sigurbjörnsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Guðrún, S. Magnúsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Sveinn Ægir Birgisson og Kjartan Björnsson.

Ingimar Baldvinsson, fulltrúi IB kemur inn á fundinn og kynnir húsnæði sem hann býður til kaups undir Héraðsskjalasafni Árnesinga að Hellismýri 8, Selfossi. Um er að ræða fjögur bil af sex. Sýnir hann teikningar af húsinu bæði útlit og innviði. Ingimar telur að hægt sé að setja inn í samning við þann sem kaupir hin tvö bilin að Héraðsskjalasafn Árnesigna hafi forkaupsrétt af þeim ef þau yrðu sett á sölu. Áætlað er að hægt verði að afhenda húsnæðið fjórum mánuðum eftir að kaupsamningur hefur verið undirritaður.

Fundarstjóri gefur orðið laust fyrir fyrirspurnir til Þorsteins Tryggva Mássonar, til máls taka Jón Bjarnason og Kjartan Björnsson.

Þorsteinn Tryggvi Másson, frá Héraðsskjalasafni Árnesinga víkur af fundi.

Helgi Kjartansson, formaður, fer yfir frekari gögn um húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Til máls taka auk formanns Grétar Ingi Erlendsson, Kjartan Björnsson, Bragi Bjarnason, Haraldur Jónsson, Arnar Freyr Ólafsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, Jón Bjarnason, Gestur Þór Kristjánsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Fjóla St. Kristinsdóttir og Þórhildur Dröfn Ingvadóttir.

Ákveðið er að kjósa um staðsetningu með handauppréttingu.

Eftirfarandi spurning er lögð fyrir fundinn:

Staðsetning fyrir Héraðskjalasafn Árnesinga
Hellismýri 8, Selfossi
Hafnarskeið 6, Þorlákshöfn

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður og Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari, telja niðurstöður kosninganna.

Alls kjósa 22 nefndarmenn.
Niðurstaða kosningar:
Alls eru 18 sem vilja að safnið verði í Hellismýri 8 á Selfossi en 4 vilja að safnið verði við Hafnarskeið 6, Þorlákshöfn.

*Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga bs., haldinn í Ráðhúsi Árborgar 10. janúar 2023, samþykkir að veita framkvæmdastjórn heimild til að bjóða í Hellismýri 8, Selfossi í samræmi við umræður á fundinum sem framtíðarhúsnæði fyrir Héraðsskjalasafns Árnesinga.*

*Fundurinn samþykkir einnig að ráðist verði í framkvæmdir á Hellismýri 8 til að koma húsinu í starfshæft ástand fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins.*

*Sveitarfélögunum átta verður sent erindi þar sem óskað er samþykkis þeirra á kaupunum, framkvæmdum og þeim lánsskuldbindingum sem þeim fylgja.*

Til máls taka auk formanns, Bragi Bjarnason, Friðrik Sigurðsson, Haraldur Jónsson, Gestur Þór Kristjánsson, Gréta Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Fjóla St. Kristinsdóttir.

**4. Fundarslit**

Þakkar Helgi héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góðan fund og óskar þeim góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 16:52.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ástfríður Sigurðardóttir, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Alexandra Rós Jóhannesdóttir, Hrunamannahreppur
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Elín Höskuldsdóttir, Flóahreppur
V. Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

**Til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að Héraðsnefnd Árnessýslu bs.**

**Efni:** Húsnæðismál Héraðsskjalsafns Árnesinga

**Árnessýslu 16. janúar 2023**

**Ágætu viðtakendur.**

Á aukafundi Héraðsnefndar Árnesinga bs sem haldinn var 10. janúar 2023 var eftirfarandi samþykkt gerð:

> *Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga bs., haldinn í Ráðhúsi Árborgar 10. janúar 2023, samþykkir að veita framkvæmdastjórn heimild til að bjóða í Hellismýri 8, Selfossi í samræmi við umræður á fundinum sem framtíðarhúsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga.*
>
> *Fundurinn samþykkir einnig að ráðist verði í framkvæmdir á Hellismýri 8 til að koma húsinu í starfshæft ástand fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins.*
>
> *Sveitarfélögunum átta verður sent erindi þar sem óskað er samþykkis þeirra á kaupunum, framkvæmdum og þeim lánsskuldbindingum sem þeim fylgja.*

Í framhaldi af aukafundinum funduðu framkvæmdastjórn Héraðsnefndar og stjórn Héraðsskjalasafnsins til að leggja línurnar með framhaldið. Samkvæmt grófri áætlun forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins er gert ráð fyrir að kostnaður við að standsetja húsið að Hellismýri sé rétt um 30 milljónir. Héraðsnefnd á húseignina Háheiði 9 á Selfossi. Gert er ráð fyrir að sú eign verði seld til að mæta kostnaði við að standsetja Hellismýri 8. Áætlað er að hægt sé að fá 35-38,5 milljónir fyrir Háheiði 9. Hérðasskjalasafnið á líka arf frá Helga Ívarssyni að upphæð 15 milljónir sem getur nýst við að standsetja safnið að Hellismýri. Af framangreindu er ljóst að söluverð af Háheiði 9 og arfurinn frá Helga Ívarssyni á að duga vel fyrir að standsetja húsið að Hellismýri 8.

Kaupverð á Hellismýri er 194.220.000 milljónir við þá upphæð bætist virðisaukakvöð að upphæð 20 – 22 milljónir króna. Heildarverð er því 216.220.000 kr. (miðað við hærri tölu í virðisaukakvöð).

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar óskar eftir samþykki aðildarsveitarfélaganna vegna kaupa og framkvæmda á Hellismýri 8 og þeim lánsskuldbindingum sem þeim fylgja að hámarki 216.220.000 kr. Gætt verður að því að taka sem hagstæðasta lán fyrir kaupunum.

Fh. framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar

Helgi Kjartansson, formaður

**Héraðsnefnd Árnesinga – skipting framlaga 2023**

| | |
|---|---|
| • Sveitarfélagið Árborg | 51,07% |
| • Bláskógabyggð | 6,51% |
| • Flóahreppur | 3,68% |
| • Grímsnes- og grafningshreppur | 3,56% |
| • Hrunamannahreppur | 4,22% |
| • Hveragerði | 14,74% |
| • Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 3,44% |
| • Ölfus | 12,78% |

# Almannavarnir Árnessýslu

Fundur Almannavarnarnefndar Árnessýslu, haldinn þriðjudaginn 17. janúar 2023 kl: 16:00 í fjarfundi á TEAMS.

Mætt: Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Brynhildur Ásta Harðardóttir, Díana Óskarsdóttir, Elliði Vignisson, Halldór Hólm Harðarson, Haraldur Þór Jónsson, Hulda Kristjánsdóttir, Karl Eyjólfur Karlsson, Lárus Kristinn Guðmundsson, Margrát Harpa Garðarsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn K. Rúnarsson, Iða Marsibil Jónsdóttir, Víðir Reynisson, Grímur Hergeirsson, Oddur Árnason og Bragi Bjarnason.

Varaformaður setti fund í forföllum formanns. Fundarefnið er spá um leysingar i lok vikunnar.

Grímur greindi frá tilefni fundarins og gaf Birni Inga orðið sem fór yfir stöðu mála og niðurstöður fundar með Veðurstofunni sem haldinn var fyrr í dag. Kólna á á fimmtudag, en hlýna á föstudag og verða frostlaust undir morgun og gert ráð fyrir mikilli rigningu sunnanlands, 25 til 30 mm. Eftir 12-18 tíma af þíðu sé gert ráð fyrir að kólni aftur. Enn er nokkur óvissa í kortunum og mun Veðurstofan ekki gefa út fyrr en á morgun eða fimmtudag hvort búast megi við asahláku. Meiri ís er í ám en verið hefur oft áður og erfitt að segja til um hve hátt Hvítá getur rutt sig, nefnt hefur verið allt uppfyrir Gullfoss og þá gæti mikið vatn skilað sér.

Fylgst er mað stöðu mála vegna Stóru-Laxár, þar sem brúarsmíði stendur yfir. Björn Ingi sýndi myndir af ám á svæðinu, sem eru nánast ísilagðar og krapastífla við Laugardælaeyju.

Gert er ráð fyrir að aðgerðastjórn komi saman á fimmtudag til upplýsingafundar.

Elliði spurði um kort af þekktum flóðasvæðum. Oddur sendi slóð á skýrslu Emanuels Pagneaux frá 2019 https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_013_.pdf um þekkt flóðasvæði.

Drög að fréttatilkynningu voru lesin yfir og samþykkt og verður fréttatilkynning send út eftir fundinn og önnur eftir fund sem áætlað er að halda með Veðurstofunni á fimmtudaginn.

Fundi slitið kl. 16:17.

Fundargerð ritaði Ásta Stefánsdóttir, varaformaður

Glærur og myndir frá fundinum fylgja fundargerðinni.

# Veðurspá

- 17. 1 Dag og næstu nótt norðanátt sem gengur hægt niður
- 18.1 kólnar og má búast við allt að 22 stiga frosti
- 19.1 hlýnar og líkur á að verði frostlaust um kl 6 um morguninn
  - Mikil rigning sunnanlands 25 til 30 mm
- 20.1 laugardag kólnar aftur upp úr miðnætti

- Veðurstofan tel en einhverja óvissu í hversu mikil hlýindin verða

# Stóra Laxá – brúarsmíði – 15.01.2023



Stóra Laxá – brúarsmíði – 15.01.2023



Hvítá suður af Kiðjabergi



Hvítá frá Austurkoti til norðurs

 

Ölfusá og Ósabotnar 17.01.2023

 

# Ölfusá og Ósabotnar 17.01.2023



# Drög fréttatilkynning

Almannavarnanefnd Árnessýslu kom saman til fundar í dag. Fyrir liggja upplýsingar um að flestar ár á Suðurlandi séu ísi lagðar og að líkur eru á að lægð gangi yfir landið á föstudag með nokkrum hlýindum og úrkomu. Farið var yfir stöðuna og veðurspá eins og hún liggur fyrir í dag með þeim fyrirvara að nokkur óvissa er um framgang hennar. Aðgerðastjórn verður kölluð saman til upplýsingafundar í eftirmiðdaginn á fimmtudag þar sem nýjustu veðurspár verða yfirfarnar.

Enda þó umfjöllun undanfarna daga snúi helst að mögulegum flóðum vill nefndin beina því til íbúa að þeir hugi að hættu af grýlukertum á húsþokum, mögulegum leka þar sem snjór á þökum og svölum bráðnar og ekki síst að hreinsa frá niðurföllum þannig að leysingavatn eigi greiða leið niður. Þá eru eigendur útigangshrossa á þekktum flóðasvæðum beðnir að huga að því hvort efni séu til að koma þeim á hærra land fari svo að ár ryðji sig.

# Fundargerð 917. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 20. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Jón Björn Hákonarson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Guðmundur Ari Sigurjónsson hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki náðist að boða varafulltrúa í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjaramál - 2301032SA**

   Lögð fram sem trúnaðarskjöl fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands frá 17. janúar 2023 og drög að samkomulagi um viðræðuáætlun milli sambandsins og Starfsgreinasambands Íslands, dags. 17. janúar 2023. Einnig lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð kjaramálanefndar sambandsins frá 19. janúar 2023. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins kynntu innleiðingu tiltekinna samningagreina í gildandi kjarasamningi við Starfsgreinasambandið.

   *Stjórn þakkar fyrir þessar upplýsingar og samþykkir að kjarasvið sambandsins klári málið á þeim forsendum sem voru kynntar á fundinum.*

2. **Úrsögn úr stjórn sambandsins - 2207023SA**

   Lagður fram tölvupóstur Lilju Bjargar Ágústsdóttur, dags. 9. janúar 2023, þar sem hún segir sig úr stjórn og fræðslumálanefnd sambandsins. Ástæðan er að hún hefur sagt sig úr sveitarstjórn Borgarbyggðar og er því ekki kjörgeng í stjórn sambandsins lengur.

   *Stjórn þakkar Lilju fyrir samstarfið og mun Einar Brandsson, varafulltrúi hennar, koma inn sem aðalfulltrúi í stjórn. Nýr fulltrúi verður svo kjörinn á næsta landsþingi og felur stjórn kjörnefnd að hefja undirbúning að því. Á næsta stjórnarfundi verður svo tilnefndur nýr fulltrúi í fræðslumálanefnd í hennar stað.*

Fundi var slitið kl. 12:40

# Fundargerð 918. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 27. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Einar Brandsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Nanný Anna Guðmundsdóttir boðaði forföll en varafulltrúi hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn í hennar fjarveru. Jón Björn Hákonarson boðaði forföll og sat Sunna Hlín Jóhannesdóttir fundinn í hans fjarveru. Í byrjun fundar bauð formaður Sunnu velkomna á sinn fyrsta stjórnarfund.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerðir 916. og 917. fundar - 2201008SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 916. fundar stjórnar sambandsins frá 14. desember 2022, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti. Einnig lögð fram til kynningar fundargerð 917. fundar stjórnar sambandsins frá 20. janúar 2023.

2. **Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 61. og 62. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 8. nóvember 2022 og 20. janúar 2023.

3. **Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA**

   Lagðar fram til kynningar fundargerðir 142. og 143. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 8. nóvember 2022 og 12. janúar 2023.

   *Stjórnin telur mikilvæga forsendu þess að unnt verði að ná víðtæku samstarfi ríkis og sveitarfélaga um samræmda móttöku flóttafólks að fram fari vönduð rýni á kostnaðarforsendum samnings um samræmda móttöku. Áhersla verði annars vegar lögð á að taka saman rauntölur um kostnað vegna skóla- og frístundaþjónustu og hins vegar að tryggja að fylgt sé verklagi sem lagt var til grundvallar við gerð kostnaðarmódels samkomulagsins. Stjórnin telur mikilvægt að niðurstaða fáist fljótt í þessari vinnu enda er lykilatriði að sem flest sveitarfélög taki þátt í verkefninu. Jafnframt leggur stjórnin áherslu á að auka samstarf ríkis og sveitarfélaga um málefni fólks í leit að alþjóðlegri vernd.*

4. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lagðar fram fundargerðir 79. og 80. funda verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 19. desember 2022 og 9. janúar 2023.

*Stjórnin lýsir ánægju með að fjármagn hafi fengist frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti til að aðstoða sveitarfélögin við innleiðingu borgað þegar hent er og til að kosta þáttagerð í samstarfi við RÚV um innleiðingu hringrásarhagkerfis. Stjórnin leggur jafnframt áherslu á að við sviðsmyndagreiningu og ákvarðanir um frekari skref varðandi uppbyggingu innviða verði horft heildstætt á þarfir og áform um innviðauppbyggingu á öllu landinu. Um er að ræða meiriháttar fjárfestingar og því nauðsynlegt að þjóðarhagsmunir ráði för við allan undirbúning og ákvarðanatöku.*

5. **Fundargerð Jónsmessunefndar - 2301035SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 10. janúar 2023.

6. **Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**

Lagðar fram sem trúnaðarskjöl fundargerðir 32. og 34. funda kjaramálanefndar sambandsins frá 11. og 25. janúar 2023. Einnig lögð fram sem trúnaðarskjal drög að samningastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í kjaraviðræðum 2023. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs kynnti stöðu kjaraviðræðna sambandsins sem og drög að samningastefnu sambandsins. Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins sat fundinn undir þessum lið.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að klára stefnuna í samræmi við umræður á fundinum.*
*Einnig óskar stjórnin eftir því að sérstaklega verði fjallað um vinnutímastyttinguna á næsta stjórnarfundi.*

7. **Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 47. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 18. janúar 2023. Fram kom varðandi 4. lið fundargerðar að fundur eru fyrirhugaður með Þjóðskrá 3. febrúar nk. til að ræða verklag við lögheimilisskráningar og mögulegar úrbætur.

Einar Þorsteinsson kom inn á fundinn kl. 13:18.

8. **Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301029SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gera grein fyrir áætluninni.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023.*

9. **Fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301030SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gera grein fyrir áætluninni.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023.*

10. **Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 - 2301027SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gera grein fyrir reikningnum.

*Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*

11. **Ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 - 2301028SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gera grein fyrir reikningnum.

*Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*

12. **Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 2301034SA**

Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 og rætt um hugsanleg áhersluatriði í umfjöllun landsþingsins.

*Stjórn samþykkir drög að dagskrá og felur framkvæmdastjóra og formanni að halda áfram undirbúningi á grundvelli fyrirliggjandi gagna.*

13. **Greining á eignarhaldi og fjármögnun hjúkrunarheimila - 2212027SA**

Lagt fram minnisblað starfshóps um greiningu á eignarhaldi og fjármögnun hjúkrunarheimila, dags. í nóvember 2022. Einnig lögð fram skýrsla starfshópsins, dags. í desember 2022, ásamt fylgiskjali.

14. **Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA**

Lagt fram samkomulag, dags. 16. desember 2022, milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, innviðaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.

15. **Rammasamningur um húsnæðismál og samkomulag - 2209007SA**

Lagt fram rammasamkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 12. júlí 2022, um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum, ásamt samkomulagi sem gert var á grundvelli þess, um aukið framboð íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á tímabilinu 2023-2032 og

fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félagslegs húsnæðis, dags. 5. janúar 2023.

16. **Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs - 2009577SA**

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 11. janúar 2023, um breytingar á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum. Einnig lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, dags. 25. janúar 2023, um lífeyrismál.

17. **VNR-VSR um heimsmarkmiðin - 2212024SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 19. janúar 2023, um þátttöku í landsrýni á stöðu heimsmarkmiða (Voluntary National Reveiw/VNR), ásamt fylgiskjali.

*Stjórnin samþykkir að unnið verði í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.*

18. **Skipun fulltrúa í fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA**

Skipun fulltrúa í fræðslumálanefnd sambandsins í stað Lilju Bjargar Ágústsdóttur, sem sagt hefur sig úr stjórn sambandins og beðist lausnar úr fræðslumálanefnd.

*Samþykkt að skipa Álfhildi Leifsdóttur sveitarstjórnarfulltrúa í sveitarfélaginu Skagafirðiog varafulltrúa í stjórn sambandsins, í fræðslumálanefndina.*

19. **Undirbúningur ráðningar í starf framkvæmdastjóra - 2301047SA**

Í framhaldi þess að Karl Björnsson hefur sagt starfi sínu lausu og mun láta af störfum framkvæmdastjóra sambandsins 1. maí nk.

*Stjórnin samþykkir að fela formanni og varaformanni stjórnar sambandsins að undirbúa, auglýsa og fylgja eftir ráðningarferli vegna ráðningar í starf framkvæmdastjóra sambandsins í samvinnu við ráðningarstofu sem fengin verður til verksins.*

20. **Tilnefning í Æskulýðsráð 2023-2024 - 2212012SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. desember 2022, þar sem Guðbjörg Linda Udengard, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi í Seltjarnarnesbæ, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í Æskulýðsráð.

21. **Tilnefning í starfshóp um eflingu almenningsíþróttastarfs innan íþróttahreyfingarinnar - 2212003SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. desember 2022, þar sem Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar, og Heimir Örn Árnason, forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, eru tilnefnd í starfshóp um eflingu almenningsíþróttastarfs innan íþróttahreyfingarinnar.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

22. **Tilnefning í starfshóp um bætt aðgengi barna að hestaíþróttum - 2212014SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 16. desember 2022, þar sem Eva Margrét Jónudóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Borgarbyggð, og Einar Eðvald Einarsson,

sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði, eru tilnefnd í stýrihóp um bætt aðgengi barna að hestaíþróttum.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

23. **Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða - 2212037SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 4. janúar 2023, þar sem Freyr Antonsson, bæjarfulltrúi á Dalvík og stjórnarmaður í sambandinu, og Þuríður Halldóra Aradóttir Braun, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Reykjanes, eru tilnefnd í starfshóp um endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

24. **Tilnefning í starfshóp um endurskoðun sveitarstjórnarlaga - 2212034SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 4. janúar 2023, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, og Fjóla Stefánsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Grýtubakkahreppi, eru tilnefnd í starfshóp um endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

25. **Tilnefning í starfshóp um stöðu minjaverndar á Íslandi - 2212008SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 5. janúar 2023, þar sem Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðing á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um stöðu minjaverndar á Íslandi.

26. **Tilnefning í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 2023-2027 - 2212038SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 5. janúar 2023, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, og Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

27. **Tilnefning í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands - 2212004SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 9. janúar 2023, þar sem Óskar Jörgen Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar, og Jóna Símóna Bjarnadóttir, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða, eru tilnefnd sem aðalmenn í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands, og Kolbrún Erna Magnúsdóttir, skjalastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, til vara.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

28. **Tilnefning í starfshóp um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027 - 2301031SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 19. janúar 2023, þar sem María Ingibjörg

Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027.

29. **Umsögn um drög að grænbók um sveitarstjórnarmál - 2212021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 12. desember 2022, um drög að grænbók um sveitarstjórnarmál, S-229/2022. mál.

30. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð - 2301021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 9. janúar 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð, mál nr. S-250/2022.

31. **Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027 - 2212032SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 11. janúar 2023, um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027, mál nr. S-247/2022.

32. **Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027 - 2301041SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. janúar 2023, um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027, mál nr. S-253/2022.

Fundi var slitið kl. 15:00

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**224. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn föstudaginn 20. janúar 2023 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Bragi Bjarnason, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson í fjarfundabúnaði, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Fjóla St. Kristinsdóttir boðaði forföll og er Bragi Bjarnason varamaður hennar mættur.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## 1. Starfsleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

### a) Starfsleyfi

***Málum lokið:***

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301002HS | Starfsleyfi, endurnýjun | Dvalarheimili, Hjallatún | 870 | 02.01.2023 |
| 2212037HS | Starfsleyfi - endurnýjun | Árborg v/ BES Barnaskóli Eyrarbakka | 820 | 13.12.2022 |
| 2212024HS | Starfsleyfi v endurnýjun og br. á húsnæði aukaumsókn, ekki rétt | Árborg v/ BES Barnaskóli Eyrarbakka | 820 | 07.12.2022 |
| 2211109HS | Starfsleyfi breyting á húsnæði | Ranya Kebab - Ranya Kebab ehf. | 900 | 30.11.2022 |

***Í vinnslu:***

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301105HS | Starfsleyfi | Auðkúla Hellu ehf. - Gisting | 851 | 17.01.2023 |
| 2301088HS | Starfsleyfi endurnýjun | Isavia Innanlandsflugvellir ehf - Flugvöllur Vestmannaeyjar | 900 | 16.01.2023 |
| 2301099HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Sumarhús(6 stk) - Austurey 1 - Lárus Kjartansson | 806 | 16.01.2023 |
| 2301084HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Hellirinn ehf. | 851 | 13.01.2023 |
| 2301065HS | Starfsleyfi endurnýjun | Félagsheimilið Brúarlundur | 851 | 12.01.2023 |
| 2301066HS | Starfsleyfi - breyting á starfsemi | Garðyrkjustöðin Ösp - Nord ehf. - Laugarási | 202 | 12.01.2023 |
| 2301067HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Tectonic Travel ehf. - Gisting - Steinás 2 | 851 | 12.01.2023 |
| 2301068HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Hamraborg Alviðra, Sigurður Árni Þórðarson - gisting | 816 | 12.01.2023 |
| 2301047HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Laxá lodge - Lyngheiði ehf. - gisting | 851 | 10.01.2023 |
| 2301048HS | Starfsleyfi ný starfsemi | ÞS ehf. Önundarholt - gisting | 803 | 10.01.2023 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2301050HS | Starfsleyfi endurnýjun | Fangelsið Litla-Hrauni | 820 | 10.01.2023 |
| 2301019HS | Starfsleyfi endurnýjun | Stjörnugrís hf. - svínabúið að Sléttabóli | 805 | 05.01.2023 |
| 2301020HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Grímsnes- og Grafningshreppur hreinsistöð Ásborgum | 805 | 05.01.2023 |
| 2301021HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Hitaveita Grímsnes- og Grafnings | 801 | 05.01.2023 |
| 2301028HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Mathöll T & P ehf. - Röstí veitingastaður | 800 | 05.01.2023 |
| 2301012HS | Starfsleyfi, nýtt | Frystikista, matvælavinnsla - Einar Sigurður Einarsson | 900 | 04.01.2023 |
| 2301001HS | Starfsleyfi, endurnýjun tímabundið | Söluskálinn Landvegamótum ehf | 851 | 02.01.2023 |
| 2301003HS | Starfsleyfi, nýtt | Ísfell ehf. | 900 | 02.01.2023 |
| 2212064HS | Starfsleyfi ný starfsemi | M. Magnússon ehf. - Varmagerði Lodge gisting | 806 | 29.12.2022 |
| 2212058HS | Starfsleyfi endurnýjun | Árborg v/Vallaskóla, Sólvöllum | 800 | 28.12.2022 |
| 2212052HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Jarðboranir - Árni ehf | 845 | 21.12.2022 |
| 2212047HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Smáratún 10, gisting - Adrian Zoladek | 800 | 16.12.2022 |
| 2212014HS | Starfsleyfi endurnýjun | Hveragerðisbær v/ Grunnskóla | 810 | 07.12.2022 |
| 2212011HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Box800 - Æfingastöð - Alda Kristinsdóttir | 800 | 06.12.2022 |
| 2211107HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Vinjar ehf. | 851 | 30.11.2022 |
| 2211101HS | Starfsleyfi -skráningarskyld | Arcanum Fjallaleiðsögumenn ehf. - Ytri Sólheimum, Mýrdal | 871 | 29.11.2022 |
| 2211088HS | Starfsleyfi, breyting - Reykjabúið Lambhaga | Reykjabúið ehf v/Lambhaga Ölfusi | 816 | 24.11.2022 |
| 2211083HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Matvælavagn - Helgi Eggertsson | 810 | 23.11.2022 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa

***Í auglýsingu:***

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Að öðrum kosti verður ákvörðun tekin á næsta fundi nefndarinnar.

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar**

- Árni ehf, kt. 4207071180, Smiðjustíg 6, 845 Flúðir, vegna jarðborana með breytilega staðsetningu og viðgerðaaðstöðu eigin véla Árna ehf. að Smiðjustíg 6, 845 Flúðir. Sjá slóð hér
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 16. febrúar 2023**
- Ísfell ehf., kt. 480269-4119, Kleifarbryggju 4-6, 900 Vestmannaeyjum, vegna endurvinnslu á veiðarfærum að Kleifarbryggju 4-6, 900 Vestmannaeyjum, sjá slóð hér.
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 31. janúar 2023**

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

- Landeldi hf., kt. 650417 1510, Urðarhvarfi 8b, 203 Kópavogur, vegna slátrunar og vinnslu fisks, aðra en í viðauka I með lögum nr. 7/1998, að Laxabraut 21 í Þorlákshöfn , sjá slóð hér og hér.
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 11. janúar 2023**
- Reykjabúið ehf., kt. 581187 2549, Suður-Reykjum 1, 271 Mosfellsbær, vegna stækkunar alifuglabús Reykjabúsins í Lambhaga í Ölfusi úr 3.750 kalkúnum í hverjum eldishóp í 6.000 kalkúna og 12.000 kjúklinga í hverjum eldishóp, sjá slóð hér..
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 11. janúar 2023**

## b) Skráning starfsemi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301112HS | Skráning – Meindýravarnir | Jóhann Freyr Guðmundsson | 850 | 18.01.2023 |
| 2301064HS | Skráning, niðurrif - Heiðarbrún RY | Fjórir Naglar ehf. | 850 | 11.01.2023 |
| 2212056HS | Skráning, flugeldasýning - Bjf. Árborgar 6. janúar 2023 | Björgunarfélag Árborgar | | 22.12.2022 |
| 2212055HS | Skráning, flugeldasýning - Bjsv. Stjarnan 31.12.2022 | Björgunarsveitin Stjarnan | Kir | 22.12.2022 |
| 2212053HS | Skráning, Allra heilsa sjúkraþjálfun | D.Þ.H ehf - Allra heilsa sjúkraþjálfun | 900 | 21.12.2022 |
| 2212048HS | Skráning, flugeldasýning - ÍBV 6. janúar 2023 | ÍBV Þjóðhátíð og fleira | 900 | 16.12.2022 |
| 2212035HS | Skráning, Björgunarfélag Vestmannaeyja - Flugeldasýning í Vestmannaeyjum um áramót | Björgunarfélag Vestmannaeyja | 900 | 12.12.2022 |
| 2212026HS | Skráning - Flugeldasýning Hveragerði 31. desember 2022 | Hveragerðisbær | 810 | 08.12.2022 |
| 2212025HS | Skráning - Flugeldasýning, Golfvöllurinn Borg 31. desember 2022 - Tintron | Hjálparsveitin Tintron | | 07.12.2022 |
| 2212022HS | Skráning - Flugeldasýning Þorlákshöfn 31. desember 2022 | Sveitarfélagið Ölfus | | 07.12.2022 |
| 2212021HS | Skráning - Flugeldasýning á Hvolsvelli 31. desember 2022 | Rangárþing eystra | 860 | 07.12.2022 |
| 2212020HS | Skráning - Flugeldasýning við Goðaland í Fljótshlíð 7. janúar 2023 | Ungmennafélagið Þórsmörk | | 07.12.2022 |
| 2212019HS | Skráning - Flugeldasýning 6. janúar 2023 við Skógarfoss - UMF Eyfellingur | Ungmennafélagið Eyfellingur | 861 | 07.12.2022 |
| 2211098HS | Skráning - Flugeldasýning Stokkseyri 2. janúar 2023 | Björgunarfélag Árborgar | | 28.11.2022 |
| 2211097HS | Skráning - Flugeldasýning Stórihóll, Selfossi 31. des 2022 | Björgunarfélag Árborgar | | 28.11.2022 |
| 2211089HS | Skráning - Flugeldasýning Eyrarbakka áramót 2022 | Björgunarsveitin Björg Eyrarb | | 24.11.2022 |
| 2211082HS | Skráning - Flugeldasýning Stjórnarsandi um áramót 2022 | Björgunarsveitin Kyndill | | 23.11.2022 |

## c) Tóbakssöluleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301049HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | Samkaup Strax, Verslunin Flúðum - Samkaup hf. | 845 | 10.01.2023 |
| 2212062HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | N1 ehf. v/ Hveragerði söluskáli | 810 | 29.12.2022 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2212063HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | N1 ehf. v Selfoss Söluskáli | 800 | 29.12.2022 |
| 2212059HS | Tóbakssöluleyfi ný starfsemi | Piknik - SH Import ehf. | 800 | 28.12.2022 |
| 2212040HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | N1 ehf. v Vestmannaeyjum Sölutum | 900 | 14.12.2022 |
| 2212041HS | Tóbakssöluleyfi endurnýjun | N1 ehf. v/ Hvolsvöllur, söluskáli og veitingastaður | 860 | 14.12.2022 |

Starfsleyfisumsókn vantar vegna Piknik, SH Import ehf. til að hægt sé að afgreiða tóbaksöluleyfi, að öðru leyti er afgreiðsla staðfest á ofangreindum tóbakssöluleyfum.

### d) Brennuleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2212060HS | Brennuleyfi - Brenna undir 100m3 um áramót á Vík í Mýrdal | Mýrdalshreppur | 870 | 28.12.2022 |
| 2212051HS | Brennuleyfi, Skaftárhreppur - Áramótabrenna á Kirkjubæjarklaustri | Skaftárhreppur sveitarfélag | 880 | 20.12.2022 |
| 2212034HS | Brennuleyfi - Brenna undir 100m3 á Flúðum 7. janúar 2023 | Hrunamannahreppur | 845 | 12.12.2022 |
| 2212015HS | Brennuleyfi - Brenna undir 100m3 við Skógarfoss 6. janúar 2023 | Ungmennafélagið Eyfellingur | 861 | 07.12.2022 |
| 2212016HS | Brennuleyfi - Brenna undir 100m3 við Goðaland í Fljótshlíð 7. janúar 2023 | Ungmennafélagið Þórsmörk | 861 | 07.12.2022 |
| 2212017HS | Brennuleyfi, ÍBV - Brenna undir 100m3 í Vestmannaeyjum 6. janúar 2023 | ÍBV Þjóðhátíð og fleira | 900 | 07.12.2022 |
| 2212018HS | Brenna undir 100m3 - Á Flúðum 31. desember 2022 | Hrunamannahreppur | 845 | 07.12.2022 |
| 2211096HS | Brennuleyfi - Þrettándabrenna á Selfossi 6. jan. 2023 | Ungmennafélag Selfoss (UMFS) | 800 | 28.11.2022 |
| 2211099HS | Brennuleyfi - Brenna undir 100m3 og flugeldasýning um áramót á Selfossi | Sveitarfélagið Árborg | 800 | 28.11.2022 |
| 2211092HS | Brennuleyfi - Áramótabrennur í Bláskógabyggð 2022 - umsagnarbeiðni | Bláskógabyggð | 806 | 25.11.2022 |
| 2211087HS | Brennuleyfi - Brenna yfir 100m3 á Eyrarbakka um áramót 2022 | Sveitarfélagið Árborg | 800 | 24.11.2022 |
| 2211090HS | Brennuleyfi - Brenna undir 100m3 við Óseyrarbraut Þorlákshöfn áramót 2022 | Sveitarfélagið Ölfus | 815 | 24.11.2022 |
| 2211085HS | Brennuleyfi - Brenna undir 100m3 við Stokkseyri um áramót 2022 | Sveitarfélagið Árborg | 800 | 23.11.2022 |

Til kynningar

### e) Afturköllun/höfnun starfsleyfa:

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301013HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hættir | V18 slf - Útleiga íbúðar | 870 | 04.01.2023 |
| 2301004HS | Afturköllun starfsleyfis - starfsemi hætt | The Millhouse - Borgarbraut 4 - Lyngheiði ehf. | 851 | 03.01.2023 |
| 2212045HS | Starfsleyfi nýtt HAFNAÐ | Stapa Lóð 10, Samúel Grétar Samúelsson | 805 | 15.12.2022 |
| 2212057HS | Starfsleyfi nýtt HAFNAÐ | Dalir verktakar ehf. | 805 | 27.12.2022 |

Til kynningar/staðfestingar

## e) Umsagnir til sýslumanna

### Vegna veitinga- og gistileyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301110HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Klettar The old Hatchery - Ásgeir Eiríksson ehf | 804 | 18.01.2023 |
| 2301104HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Auðkúla Hellu ehf. - Gisting | 851 | 17.01.2023 |
| 2301102HS | Rekstrarleyfi | ÞS ehf. | 803 | 17.01.2023 |
| 2301098HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Tectonic Travel ehf. - Gisting - Steinás 2 | 851 | 16.01.2023 |
| 2301085HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Lakefront Villa - Sumarhús(6 stk) - Austurey 1 - Lárus Kjartansson | 806 | 13.01.2023 |
| 2301082HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Varmagerði Lodge - M. Magnússon ehf. | 806 | 12.01.2023 |
| 2301070HS | Rekstrarleyfi eigendaskipti | Röstí - Mathöll T & P ehf. | 800 | 12.01.2023 |
| 2211108HS | Rekstrarleyfi eigendaskipti | Vinjar ehf. | 851 | 30.11.2022 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar

### Umsagnir til sýslumanna vegna tækifærisleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301113HS | Tækifærisleyfi vegna Þorrablóts | Bláskógabyggð v/ Íþróttamiðstöð Laugarvatn | 840 | 19.01.2023 |
| 2301106HS | Tækifærisleyfi - Þorrablót 2023 | Flóahreppur v/ Félagslundur, Félagsheimili | 803 | 17.01.2023 |
| 2301103HS | Tækifærisleyfi - tímabundið áfengisleyfi Þorrablót Selfoss | Hvíta húsið - Góð stemning ehf. | 800 | 17.01.2023 |
| 2301097HS | Tækifærisleyfi - Þorrablót 2023 | Rangárþing ytra v/ Íþróttamiðstöð Laugalandi | 850 | 16.01.2023 |
| 2301094HS | Tækifærisleyfi Þorrablót í Fossbúð 2023 | Rangárþing eystra | 860 | 16.01.2023 |
| 2301093HS | Tækifærisleyfi Þorrablót 2023 | Félagsheimilið Eyrarland, Reynishverfi - Búnaðarfélag Hvammshrepps | 871 | 16.01.2023 |
| 2301092HS | Tækifærisleyfi, Þorrablót | Rangárþing eystra v/ Félagsheimili Heimaland | 861 | 16.01.2023 |
| 2301089HS | Tækifærisleyfi. Þorrablót | Rangárþing eystra v/ Félagsheimili Goðaland | 860 | 16.01.2023 |
| 2301081HS | Tækifærisleyfi tímabundið áfengisleyfi | Skaftárhreppur v/Félagsheimilið Kirkjuhvoll | 880 | 12.01.2023 |
| 2301045HS | Tækifærisleyfi - Þorrablót Hvolshrepps | Rangárþing eystra v/Sundlaug/Íþróttamiðstöð Hvolsvelli | 860 | 06.01.2023 |
| 2301044HS | Tækifærisleyfi - Þorrablót í Þorlákshöfn | Ölfus v/ Versalir, samkomusalur | 815 | 06.01.2023 |
| 2301043HS | Tækifærisleyfi, Þorrablót | Félagsheimilið Brúarlundur | 851 | 06.01.2023 |
| 2301018HS | Tækifærisleyfi Þrettándaball | Alþýðuhúsið Vestmannaeyjum - P. Eyjólfsson & Co ehf. | | 04.01.2023 |
| 2301009HS | Tækifærisleyfi Þorrablót | Skaftárhreppur v/Félagsheimilið Tungusel | 880 | 04.01.2023 |
| 2212061HS | Tækifærisleyfi - tækifærisleyfi til áfengisveitinga | Karlakór Selfoss v/samkomusal | 800 | 28.12.2022 |
| 2212049HS | Tækifærisleyfi, lengri opnun á áramótum. | Lundinn - Dalhraun 6 ehf | 900 | 19.12.2022 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2212038HS | Tækifærisleyfi v Þorrablót | Mýrdalshreppur v/ Leikskálar, félagsheimili | 870 | 14.12.2022 |
| 2212033HS | Tækifærisleyfi Þorrablót | Skaftárhreppur v/Félagsheimilið Kirkjuhvoll | 880 | 12.12.2022 |
| 2212031HS | Tækifærisleyfi Áramótadansleikur | Rangárþing eystra v/ Félagsheimili Hvoll, Hvolsvelli | 860 | 12.12.2022 |
| 2212030HS | Tækifærisleyfi til áfengisveitinga - Geo Salmo ehf. | Ölfus v/ Versalir, samkomusalur | 815 | 09.12.2022 |
| 2212028HS | Tækifærisleyfi, umsögn um Þorrablót | Rangárþing eystra v Félagsheimili Gunnarshólmi | 861 | 08.12.2022 |
| 2212027HS | Tækifærisleyfi - vegna lengri opnunartíma | Hvíta húsið - Góð stemning ehf. | 800 | 08.12.2022 |
| 2212013HS | Tækifærisleyfi - Skötuveisla 2022 | Rangárþing ytra v/Íþróttamiðstöð Hellu | 850 | 07.12.2022 |

Afgreiðsla staðfest

## f) Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

*Skipulagsmál*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301108HS | Tunga - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps | 880 | 18.1.2022 |
| 2108046HS | Svæðisskipulag Suðurhálendisins – umsögn um tillögu | Samtök sunnlenskra sveitarfélaga | 800 | 16.01.2023 |
| 2301080HS | Gljúfurleit skálasvæði, Gnúpverjaafréttur - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301079HS | Bjarnalækjarbotnar fjallasel, Gnúpverjaafréttur - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301078HS | Tjarnarver fjallasel, Gnúpverjaafréttur - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301077HS | Setrið fjallasel, Flóa- og Skeiðamannaafréttur - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301076HS | Klettur L166522, fjallasel, Skeiða- og Gnúpverjahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301075HS | Hallarmúli L178699, fjallasel - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301074HS | Sultarfit L179883, fjallasel - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301073HS | Skeiðamannafit L179888, fjallasel - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301072HS | Reykholt, Fljótsholt 5-8, sameining lóða - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301071HS | Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Gnúpverjaafrétti - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 12.01.2023 |
| 2301063HS | Nes land, Rangárþingi ytra - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 11.01.2023 |
| 2301062HS | Efsti-Dalur 2, Bláskógabyggð - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301061HS | Hróarsholt spilda, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2301060HS | Þingdalur, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301059HS | Úlfljótsvatn, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301058HS | Arnarstaðakot, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301057HS | Syðri-Gegnishólar, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301056HS | Gatfellsskáli, fjallasel, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301055HS | Skjaldborg og Kerling, fjallasel, Grímsnes- og Grafningshreppi-Umsögn um deiliskipulag | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301054HS | Bíldsfell 1, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301053HS | Vaðnes, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 11.01.2023 |
| 2301051HS | Lækjartún 2, Ásahreppi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 10.01.2023 |
| 2301046HS | Borgarteigur, Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 09.01.2023 |
| 2301041HS | Miðtún á Borg, miðsvæði - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 06.01.2023 |
| 2301040HS | Vesturbyggð - Umsögn um skipulagslýsingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 05.01.2023 |
| 2301037HS | Gljúfurárholt 13 og 14 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 05.01.2023 |
| 2301036HS | Geo Salmo vestan Þorlákshafnar - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 05.01.2023 |
| 2301035HS | Þórustaðanáma - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 05.01.2023 |
| 2301034HS | Bakki 2 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 05.01.2023 |
| 2301033HS | Lækur 2 lóð C - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 05.01.2023 |
| 2301032HS | Núpanáma - Umsögn um skipulags- og matslýsingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 05.01.2023 |
| 2301031HS | Raufarhólshellir - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus | 815 | 05.01.2023 |
| 2301030HS | Austursel - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 05.01.2023 |
| 2301029HS | Búrfellslundur - Umsögn um skipulags- og matslýsingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 05.01.2023 |
| 2301026HS | Bollakot - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 05.01.2023 |
| 2301025HS | Miðeyjarhólmur - Umsögn um deiliskipulagslýsingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 05.01.2023 |
| 2301024HS | Uppsalir - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 05.01.2023 |
| 2301023HS | Voðmúlastaðir - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | | 05.01.2023 |
| 2301022HS | Völlur 2 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 05.01.2023 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2301016HS | GRÆNIR IÐNGARÐAR - Umsögn um deiliskipulagslýsingu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 04.01.2023 |
| 2301015HS | Tengivirki við Hellu - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | 850 | 04.01.2023 |
| 2301014HS | Atvinnusvæði sunnan Suðurlandsvegar, Hellu - Umsögn um deiliskipulagsbreyting | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra | | 04.01.2023 |
| 2212036HS | Krækishólar, Flóahreppi-Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 13.12.2022 |
| 2212012HS | Umsögn um skipulagstillögu, gosminnisvarði í Vestm. | Vestmannaeyjabær - umhv.og framkv.svið | 900 | 06.12.2022 |
| 2212010HS | Selhöfðar, Skeiða-og Gnúpverjahreppi - Umsögn um deilisk.tillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 05.12.2022 |
| 2212009HS | Einiholt 1 land 1, Bláskógabyggð - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu | Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu | 840 | 05.12.2022 |
| 2211110HS | Efnisvinnsla við Vík - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps | 870 | 30.11.2022 |
| 2211105HS | Skíðbakki - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 29.11.2022 |
| 2211104HS | Rimakot, tengivirki - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 29.11.2022 |
| 2211103HS | Skeggjastaðir land 10 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 29.11.2022 |
| 2211102HS | Skeggjastaðir land 18 - Umsögn um deiliskipulagstillögu | Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra | 860 | 29.11.2022 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

*Mat á umhverfisáhrifum*

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2301038HS | GeoSalmo - Umsögn um umhverfismatsskýrslu | Skipulagsstofnun | 105 | 05.01.2023 |
| 2211111HS | Efnistaka í Höfðafjöru, - Umsögn um framkvæmd | Skipulagsstofnun | 105 | 30.11.2022 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

**g) Rekstraryfirlit**

Staða kynnt, farið yfir rekstraryfirlit fyrir árið 2022 miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir.

**2. Úr eftirliti**

**a. Vöktun fráveitu Hveragerðisbæjar**

Áður tekið fyrir á 223. fundi nefndarinnar 2. desember 2022 þar sem veittur var frestur til 20. janúar að skila inn úrbótaáætlun. Jafnframt hafa ný sýni verið tekin sem sýna fram á að enn eru gildi yfir viðmiðunarmörkum. Framkvæmdaáætlun barst í dag vegna úrbóta á fráveitumannvirkjum Hveragerðisbæjar. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frestar afgreiðslu meðan farið er yfir innsend gögn.

**b. Háskóli Íslands vegna íþróttafræðaseturs Laugarvatni**

Nýjar upplýsingar varðandi fyrirhugaða notkun hússins komu frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar með tölvupósti og sendi HSL til baka skýrslu þá sem var til kynningar á

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

síðasta fundi. HSL hefur jafnframt óskað eftir upplýsingum um málið frá eiganda húsnæðisins, beðið er eftir svörum.

**c. Olís ehf. vegna Litlu-Kaffistofunnar**

Málið var á dagskrá 222. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 11. nóvember 2022, þar sem veittur var frestur til 12. desember 2022 til að skila inn úrbótaáætlun.
Heilbrigðiseftirliti Suðurlands hefur borist áætlun um úrbætur frá rekstraraðila sem embættið getur ekki fallist á, þar sem í henni er ekki tekið mið af áliti Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem fyrirtækið hefur ítrekað verið upplýst um, þ.e. að eldsneytisafgreiðslan sé á svæði í flokki A skv. 6. gr. rgl. nr. 884/2017 og skuli uppfylla kröfur um mengunarvarnir í samræmi við 26. gr. sömu reglugerðar.

**3. Aðsend erindi**

**a. Umhverfisstofnun – Innleiðing reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur**

Vefurinn https://starfsemi.is/ hefur verið opnaður – til kynningar.

**b. Umhverfisstofnun – Gagnaskil fráveitu 2022**

Vegna samantektar um stöðu fráveitumála sem er gerð annað hvert ár. Til kynningar.

c. **Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið** – niðurstaða vegna umsóknar Íslenska gámafélagsins, Hellislandi, Selfossi um undanþágu frá starfsleyfi vegna moltugerðar.

Áform um höfnun, til kynningar.

d. **Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið** – niðurstaða vegna umsóknar Heiðarás ehf. um undanþágu frá starfsleyfi vegna malarnáms

Með vísun í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns vegna reksturs malarnámu í landi Skálabrekku
Áform um höfnun, til kynningar.

e. **Nefndasvið Alþingis 530. mál**- til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002 (innihaldsefni, umbúðir o.fl.)

Sjá slóð: https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0672.pdf
Til kynningar.

f. **SASS – Svæðisskipulag suðurhálendis 2022-2042** – til umsagnar https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/mannvirki_a_midhalendingu.pdf

Til kynningar. Heilbrigðisnefnd Suðurlands fagnar slíku samstarfi sveitarfélaganna og hvetur sveitarfélögin á svæðinu til að huga að svæðisskipulagi í það minnsta hvað varðar vatnsverndarsvæði sem eiga ekki að stoppa við sveitarfélagamörk. Umhverfis hvert vatnsból skal ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkana skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

g. **Vestmannaeyjabær** – úrbótaáætlun vegna landmótunar í Búastaðagryfju

Á 223. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands var málið á dagskrá og frestur veittur til 20. janúar til að skila inn úrbótaáætlun. Slík áætlun hefur borist, Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur farið yfir innsenda úrbótaáætlun og samþykkir þau áform sem koma þar fram.

**4. Önnur mál**

**a. Endurskoðun reikninga Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.**

Endurskoðandi PricewaterhouseCoopers ehf., Austurvegi 56, 800 Selfossi hefur tekið að sér að endurskoða áreikninga Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. skv. lögum og reglum sem um endurskoðun gilda. Ráðningarbréf um endurskoðun ársreikninga HSL liggur fyrir og hefur verið undirritað af framkvæmdastjóra fyrir hönd heilbrigðisnefndar skv. beiðni formanns nefndarinnar þar um. Framkvæmdastjóra er falið að sjá um öll samskipti sem nauðsynleg eru til að endurskoðun reikninga fari fram.

**b. Nýlegur úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna hundabits og aflífunar hunds**

Sjá slóð: https://uua.is/urleits/97-2022-aflifun-hunds/
Til kynningar.

**c. Umsókn um leyfi til sölu áfengisveitinga í Týsheimilinu, Vestmannaeyjum og umsögn til sýslumanns.**

Umsókn ÍBV um leyfi til áfengisveitinga. Samkvæmt skoðun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þá uppfyllir húsnæði og búnaður í eldhúsi, félagssal og útiaðstaða aftan við stúku ekki kröfur um hollustuhætti.
Því getur Heilbrigðisnefnd ekki veitt starfseminni starfsleyfi og þar með ekki veitt jákvæða umsögn vegna umbeðins veitingaleyfis.
Að öðru leyti tekur Heilbrigðisnefnd Suðurlands ekki afstöðu til veitingu áfengis með vísun í 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem fjallar um efni umsagna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:43

| | |
|---|---|
| Guðrún S. Magnúsdóttir | Páll Tómasson |
| Bragi Bjarnason | Kjartan Ólafsson |
| Örn Friðriksson | Oddur Árnason |
| Sigrún Guðmundsdóttir | |

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir
Kennitala: 0410602639
Tími: 22.01.2023 13:33
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 22.01.2023 13:47
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson
Kennitala: 0211535599
Tími: 22.01.2023 17:20
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 23.01.2023 7:05
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Páll Tómasson
Kennitala: 1305823389
Tími: 23.01.2023 7:38
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Bragi Bjarnason
Kennitala: 2504815359
Tími: 24.01.2023 10:34
Samþykkt

Undirritað með OneSign

# 591. fundur stjórnar SASS

## Austurvegi 56 Selfossi

## 13. janúar 2023, kl. 12:30 – 15:30

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Árni Eiríksson, Njáll Ragnarsson, Arnar Freyr Ólafsson og Einar Freyr Elínarson. Grétar Ingi Erlendsson tengist fundinum með fjarfundabúnaði. Þá taka þátt Guðveig Eyglóardóttir formaður verkefnisstjórnar um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa undir dagskrárlið 6.c. (tengist fundinum með fjarfundabúnaði), Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna en byrjað er á dagskrárlið 6.c. með kynningu Guðveigar.

6.c. Guðveig Eyglóardóttir, formaður verkefnisstjórnar innviðaráðuneytisins um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa kynnir skýrslu verkefnisstjórnarinnar sem unnin var á grundvelli reglugerðar um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga. Skýrsluna má nálgast hér , Guðveig fór yfir helstu niðurstöður hennar og svaraði spurningum og vangaveltum stjórnarmeðlima.

**1. Fundargerð**

Fundargerð 590. fundar staðfest og undirrituð.

**2. Fundaráætlun 2023**

Formaður kynnir helstu fundi og viðburði á árinu 2023. Fundir stjórnar verða að jafnaði fyrsta föstudag í hverjum mánuði og kyningarfundir fyrir sveitarstjórnir þriðja föstudag í hverjum mánuði með nokkrum undantekingum. Framkvæmdastjóra falið að gera breytingar á fyrirliggjandi drögum til samræmis við umræðu á fundinum, sbr. hér.

**3. Samningur við Byggðastofnun um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf og skipting fjár**

Formaður kynnir fyrirliggjandi samning landshlutasamtaka sveitarfélaga við Byggðastofnun um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf. Samningurinn tekur við af eldri samningi og gildir til næstu fimm ára. Stjórn samþykkir samninginn og veitir framkvæmdastjóra heimild til að undirrita hann.

Formaður kynnir að samtals hafi 40 m.kr. verið bætt við fjáralagaliðinn *Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni* í nýsamþykktum fjárlögum Alþingis. Samtals eru því ríflega 244 m.kr. til úthlutunar á árinu. Byggðastofnun var falið að úthluta umræddu fjármagni til landshlutasamtaka sem sinna atvinnu- og byggðaþróun og eru með samning við stofnunina.

Í hlut SASS koma í ár 35 m.kr. sem er hækkun um 5 m.kr. frá fyrra ári. Um leið og því er fagnað skal haft í huga frá 2009 hafa framlögin lækkað um 50% sé tekið tillit til breytingar á launavísitölu sem eðli málsins samkvæmt hefur dregið úr þeirri þjónustu sem unnt er að veita aðilum í landshlutunum.

4. **Samstarfssamningar um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf**

Formaður og framkvæmdastjóri kynna að verið sé að yfirfara samninga við samstarfsaðila SASS í landshlutanum sem sinna ráðgjöf en fyrri samningar voru gerðir í ársbyrjun 2016. Núverandi samstarfsaðilar SASS eru: Nýheimar þekkingarsetur, Kötlusetur, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Markaðsstofa Suðurlands, Háskólafélag Suðurlands og Kirkjubæjarstofa.

Nýir samningar taka mið af fjölgun vinnusóknarsvæða um eitt, eru nú sjö og í breyttu skipulagi með hlutverki byggðaþróunarfulltrúa.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

5. **Sóknaráætlun Suðurlands 2023**

a. Fjárhagsáætlun 2023

Formaður og framkvæmdastjóri kynna uppfærð drög að fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Suðurlands á yfirstandi starfsári. Við afgreiðslu fjárlaga bættist við tímabundið 120 m.kr. framlag til Sóknaráætlunar til að efla atvinnu- og menningarlíf á landsbyggðinni. Þetta hafði í för með sér að framlagið til samtakanna hækkaði um rétt rúmlega 15 m.kr. og framlag ríkisins verður því samtals rétt ríflega 115 m.kr. Samtals er því áætluð fjárhæð til ráðstöfunar úr Sóknaráætlun Suðurlands tæplega 152 m.kr. Af því er gert ráð fyrir að verja 84 m.kr. í Uppbyggingarsjóð Sóknaráætlunar Suðurlands, 55 m.kr. til áhersluverkefna og 12 m.kr. í umsýslu.

Grétar Ingi þarf að yfirgefa fundinn

b. Tillögur að áhersluverkefnum

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri kynna tillögur að áhersluverkefnum 2023. Þegar hefur verið samþykkt að verja árið 2023 samtals 15 m.kr. í Orkídeu, 3 m.kr. í gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið og 5 m.kr. í Sigurhæðir.

Stjórn samþykkir eftirtalin átta áhersluverkefni til viðbótar við fyrrgreind verkefni og að verja til þeirra samtals 28,5 m.kr.

| Áhersluverkefni | Fjárhæð í kr. |
|---|---|
| Eldfjallaleiðin – Annar hluti | 3.500.000 |
| Sóknarfæri Suðurlands | 5.000.000 |
| Menntahvöt 2.0 með uppfærslu og viðbótum | 3.000.000 |
| Jafningjafræðsla | 6.500.000 |
| Starfamessa á Suðurlandi | 1.000.000 |
| Sinfóníuhljómsveit Suðurlands | 3.000.000 |
| Nýsköpunargátt Suðurlands | 2.000.000 |
| Íbúakönnun | 500.000 |
| Skjálftinn – hæfileikakeppni grunnskóla á Suðurlandi | 4.000.000 |
| Umhverfis Suðurland | 4.000.000 |
| **Samtals** | **32.500.000** |

Samtals samþykkir stjórn að verja 55,5 m.kr. til þrettán áhersluverkefna á árinu 2023.

c. Skipan fagráða

Stjórn ræðir skipan fagráða sem meta umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Stjórn samþykkir að skipan fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkja verður óbreytt 2023 en í ráðinu sitja:

- Helga Björk Ólafsdóttir, framkvæmdarstjóri leikskólans Sóla
- Bergsteinn Einarsson, eigandi og framkvæmdarstjóri Set ehf.
- Laufey Helgadóttir, ferðaþjónustubóndi að Smyrlabjörgum

Varamaður: Guðmundur H. Gunnarsson, aðstoðarmaður forstjóra, Skinney-Þinganes hf.

Breyting verður á skipan fagráðs menningarstyrkja og því er afgreiðslu frestað til næsta fundar stjórnar.

d. C.1 Sértækt verkefni Sóknaráætlunarsvæða

Formaður kynnir að unnið sé að umsókn í sjóð C.1. í Byggðaáætlun, um sértækt verkefni sóknaráætlunarsvæða. Umsóknin miðar að því að koma á samstarfi aðila um þekkingarferðamennsku á sviði jarðfræði á Suðurlandi. Verkefnistillagan er unnin út frá þekktu verkefni og aðferðarfræði sem gefist hefur vel í Vestmannaeyjum.

Stjórn samþykkir að þetta verði umsókn samtakanna í verkefnið.

Formaður þarf að yfirgefa fundinn og við stjórn hans tekur Einar Freyr.

## 6. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 547. – 548. funda stjórnar SSH, fundargerðir 87. – 88. funda stjórnar SSNV, fundargerð 45. fundar stjórnar SSNE, fundargerð 784. fundar

stjórnar SSS, fundargerðir 171. – 172. funda stjórnar SSV, fundargerð 22. fundar Byggðamálaráðs og fundargerð 916. fundar stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað framundan er en meðal atriða má nefna: Ingvi Már Guðnason hóf hóf störf hjá samtökunum um áramótin. Hann tekur við af Sigríði Lind. Drög að samning við Byggðastofnun um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf liggja fyrir og verið er að yfirfara samstarfssamninga þeim tengdum. Viðræður eru við ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála um viðaukasamninga tengda Sóknaráætlun Suðurlands. Kynningarfundur fyrir sveitarstjórnir var haldinn en yfirskriftin hans var „Hvers vegna skipta gjaldskrár raforku í dreifbýli og þéttbýli máli fyrir sveitarfélög á Suðurlandi?“. Framhaldsfundur var haldinn um hugmyndir að sameiginlegu farsældarráði á Suðurlandi. Aukið fé hefur fengist til Sóknaráætlana landshlutanna 2023 og til að sinna atvinnuráðgjöf. Samráðsfundur sambandsins og landshlutasamtaka verður haldinn 10. febrúar nk. Undirbúningur við endurskoðun ársreikninga 2022 er hafinn. Umræður um hvar halda á ársþing SASS 2024.

c. Skýrsla verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Sbr. bókun fyrr í fundargerðinni.

d. Sjálfbært Ísland

Fundarstjóri kynnir að SASS hafi tilnefnt fulltrúa í sjálfbærniráð fyrir samstarfsvettvanginn Sjálfbært Ísland. Aðalmaður er Árni Eiríksson, Flóahreppi og varamaður Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði.

e. Menntaverðlaun Suðurlands 2022

Einar Freyr kynnir að forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson hafi afhent Menntaverðlaun Suðurlands 2022 í gær, 12. janúar sl. Verðlaunin voru nú afhent í fimmtánda sinn við hátíðlega athöfn í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Að þessu sinni bárust níu tilnefningar um verkefni, einstaklinga og/eða stofnanir og eru tilnefningarnar eftirfarandi:

1. **Elsa Jóna Stefánsdóttir** deildarstjóri Bjargs, sérdeildar í Grunnskólanum í Þorlákshöfn fyrir framúrskarandi starf í þágu barna með sértæka náms- og hegðunarerfiðleika.
2. **Þorbjörg Lilja Jónsdóttir** kennara við Grunnskóla Hveragerðis fyrir lokaverkefni sitt til M.Ed-prófs í Sérkennslu fræði og skóla margbreytileikans. Lokaverkefni Þorbjargar Lilju hefur vakið athygli fyrir efnistök, umfjöllun og niðurstöður.
3. **Heilrækt** þróunarverkefni sem hefur verið unnið í tengslum við skólaíþróttir í Grunnskólanum í Hveragerði undanfarin ár og byggir á faglegri þróun íþróttakennslu á elsta stigi þar sem aðal markmið er að nemendur útskrifist úr grunnskóla sjálfbærir gagnvart eigin heilsu.
4. **Fjallmennskunámið í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu** fyrir spennandi námsleið með skemmtilegri nálgun á námsefnið.

5. **Víkurskóli** fyrir Víkurfjöruverkefnið, samstarfsverkefni Víkurskóla, Kötlu jarðvangs og Kötluseturs, verkefnið er strandlínurannsókn í Víkurfjöru og er til þess fallið að efla þekkingu nemenda á nærumhverfi þeirra og vísindalegri rannsóknaraðferð.
6. **Myndlistarkennarar við Fjölbrautarskóla Suðurlands** fyrir einstakan áhuga, metnað, listfengi og frumleika í starfi.
7. **Valberg Halldórsson** fyrir góðan árangur í námi. Valberg útskrifaðist frá Kvikmyndaskóla Íslands á árinu frá Deild 3, Handrit og Leikstjórn. Lokaverkefni Valbergs var myndin „Tapað/Fundið".
8. **Flóaskóli** fyrir skólastarf sem hefur skilað eftirtektarverðum árangri í menntun nemenda á grunnskólastigi.
9. **Tónlistarskóli Árnesinga** fyrir starf sitt í menntun nemenda sinna, öflugt menningarstarf í allri Árnesssýslu sem og tengsl sín við samfélagið.

Úthlutunarnefnd fjallaði um umsóknirnar og niðurstaðan varð sú að þau skyldu falla í skaut Tónlistarskóla Árnesinga.

Um leið og stjórn SASS óskar Tónlistarskóla Árnesinga til hamingju með nýveitt Menntaverðlaun Suðurlands 2022 óskar hún einnig þeim sem tilnefndir voru til hamingju með tilnefninguna og þakkar úthlutunarnefnd fyrir vel unnin störf.

f. Undirbúningur við gerð ársreiknings SASS 2022

Framkvæmdastjóri kynnir að vinna sé hafin við gerð ársreiknings samtakanna. Framkvæmdastjóri hefur umboð stjórnar til að undirrita ráðningarbréf endurskoðanda.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 3. febrúar nk. kl. 12:30 í fjarfundi.

Fundi slitið kl. 15:30

Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson
Njáll Ragnarsson
Einar Freyr Elínarson

# Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn í fjarfundabúnaði þriðjudaginn 31. janúar 2023 kl. 9:00.

**Mætt:**
*Aldís Hafsteinsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Jón Bjarnason, Hulda Kristjánsdóttir, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Elliði Vignisson, og Geir Sveinsson.*
*Á fjarfundinn mættu að auki Bryndís Gunnlaugsdóttir og Freyja Sigurgeirsdóttir frá KPMG*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. **Laun staðgengils forstöðumanns.**
   Melkorka er hætt og Anný og Hrafnhildur hafa verið staðgenglar hennar frá 1. janúar 2023 með auknu álagi.
   Stjórn samþykkir samhljóða að greiða álagsgreiðslu vegna aukinnar ábyrgðar. Ásu og Bryndísi falið að vinna málið áfram.

2. **Ráðning starfsmanna frá 1. mars 2023 fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.**
   Ráða þarf inn starfsfólk fyrir sveitarfélögin sem verða í byggðasamlaginu eftir 1. mars og er nauðsynlegt að auglýsa störfin í febrúar. Samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins fer stjórn er með ráðningavald og þarf því núverandi stjórn að samþykkja að auglýsa en ný stjórn mun síðan ganga frá ráðningu eftir að Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus ganga út úr byggðasamlaginu þann 1. mars.
   Stjórn samþykkir samhljóða að auglýst sé eftir starfsfólki. Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus munu ekki taka þátt í starfsmannakostnaði á nýjum starfsmönnum sem ráðnir verða inn eftir 1. mars.

3. **Samstarf um barnaverndarbakvaktir.**
   Stjórn samþykkir samhljóða að vera saman í barnaverndarbakvöktunum á þjónustusvæðunum þremur; Uppsveitum og Flóa, Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi. Stjórn felur KPMG að boða til fundar með Anný Ingimarsdóttur fyrir Uppsveitir og Flóa, Jóhönnu M. Hjartardóttur fyrir Sveitarfélagið Ölfus og Helgu Bryndísi Kristjánsdóttur fyrir Hveragerðisbæ um nánari útfærslu.

4. **Áætlun um skil og miðlun upplýsinga til Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Héraðsskjalasafnsins.**
   Stjórn samþykkir samhljóða áætlun um skil og miðlun upplýsinga vegna flutnings verkefna frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. til Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Ölfus og Héraðsskjalasafnins.

5. **Samkomulagi og fjárhagslegu uppgjöri vegna útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus.**
   Verið er að vinna að drögum um samkomulag og fjárhagslegt uppgjör. Afgreiðslu málsins fresta til næsta fundar.

6. **Önnur mál.**
   Ákveðið að funda næst 13. febrúar klukkan 8:15 í fjarfundabúnaði. Bryndís mun boða til fundarins.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:00.

Skóla- og velferðarþjónusta



**59. fundur skólaþjónustu og velferðarnefndar Árnesþings haldinn þriðjudaginn 24. janúar 2023 kl. 17:00 í fundarsal bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20.**

**Mættir voru:** Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður, Bjarney Vignisdóttir, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Ásmundur Lárusson, Sigurður Einar Guðjónsson og Smári Bergmann Kolbeinsson. Einnig sat fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar. (staðgengill forstöðumanns Skóla – og velferðarþjónustu Árnesþings) sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

**Afgreiðslumál:**

1. **Barnaverndarmál – trúnaðarmál – fært í trúnaðarbók**

2. **Barnaverndarmál - trúnaðarmál – fært í trúnaðarbók**

3. **Tillaga að breyttum gjaldskrám** - Lagðar fram tillögur um hækkun á fjárhagsaðstoð, greiðslum vegna stuðningsfjölskyldna og gjaldskrár vegna heimaþjónustu.
   Lagt er fram minnisblað frá velferðarþjónustunni um tillögur að hækkun á greiðslum tengdum velferðarþjónustunni, nefndin fjallaði um málið og leggur eftirfarandi til:
   a) Nefndin leggur til að fjárhagsaðstoð verði hækkuð í samræmi við hækkun á neysluvísitölu (9,3%) frá og með 1. mars 2023, grunnfjárhæð fyrir einstakling verði 196.740 kr.
   b) Nefndin leggur til að greiðslur vegna helgarvistunar hjá stuðningsfjölskyldu í barnavernd verði kr. 28.500 á sólarhring og stuðningsfjölskylda vegna fatlaðra barna verði fyrir:
      1. flokk: 39.976 kr.
      2. flokk: 34.265 kr.
      3. flokk: 28.500 kr.
   c) Nefndin leggur til að gjaldskrá heimaþjónustu hækki um 9,3 %, lægra gjald verði kr. 694 á tímann og hærra gjald kr. 984 á tímann.

**Erindi til kynningar**

1. **Bréf frá Úrskurðarnefnd Velferðarmála dagsett 14. desember 2022 – fært í trúnaðarbók**
2. **Nýtt verklag vegna umsókna um að gerast stuðningsfjölskylda** – Þeir einstaklingar sem ætla að gerast stuðningsfjölskylda bæði út frá 85. gr.



SEG SR BV AI SBk

barnaverndarlaga og 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sækja nú um það til Gæða og eftirlitsstofnunar (gev.is) en ekki til þess sveitarfélags sem það er með lögheimili í eins og hefur verið.

3. **Staðgenglar forstöðumanns skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings til 28. febrúar 2023 -** Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings lét af störfum 31. desember sl. Nefndin þakkar henni fyrir unnin störf hjá byggðarsamlaginu og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Hrafnhildur Karlsdóttir, teymisstjóri og kennsluráðgjafi verður yfirmaður og staðgengill forstöðumanns í skólaþjónustu og Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi og deildarstjóri barnaverndar verður yfirmaður og staðgengill forstöðumanns í velferðarþjónustu til og með 28. febrúar 2023. Þann 1. mars 2023 mun breyting verða á byggðarsamlagi skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings þegar Hveragerði og Ölfus ganga úr samlaginu.

Fundi slitið kl. 18:20

Hveragerði, 24. janúar 2023

Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

Bjarney Vignisdóttir

Smári B. Kolbeinsson

Elsa Jóna Stefánsdóttir

Valgerður Sævarsdóttir

Sigurður Einar Guðjónsson

Ásmundur Lárusson

Anný Ingimarsdóttir

Fylgiskjal - vegna 3. liðar á dagskrá

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

# Tillaga að upphæðum og gjaldskrá 2023 – lagt fyrir skólaþjónustu-og velferðarnefnd Árnesþings 24. janúar 2023 lagt er til að þetta taki gildi 1. mars 2023

## 1. Fjárhagsaðstoð

Lögð er til hækkun í samræmi við hækkun á neysluvísitölu (9,3%) og grunnfjárhæð fari úr 180.000 í 196.740

| | *2018* | *2019* | *2020* | *2021* | *2022* | *2023* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Grunnfjárhæð (1.0)* | 150.000 | 160.000 | 164.000 | 170.000 | 180.000 | 196.740 |
| *Búa í foreldrahúsum (0,45)* | 67.500 | 72.000 | 73.800 | 76.500 | 81.000 | 88.533 |
| *Hafa kostnað af húsnæði án þinglýsts húsaleigusamnings (0.8)* | 120.000 | 128.000 | 131.200 | 136.000 | 144.000 | 157.392 |
| *Grunnfjárhæð hjóna (1,6)* | 240.000 | 256.000 | 262.400 | 272.000 | 288.000 | 314.784 |

## 2. Stuðningsfjölskylda – miðað við 9.3% hækkun

**Barnavernd/félagsþjónustu og málefni fatlaðra**

Greiðslur vegna helgarvistunar hjá stuðningsfjölskyldu í barnavernd/félagsþjónustu eru 28.500 kr. á sólarhring og eru hinar sömu og greiðslur vegna stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna 3. flokkur.

***Stuðningsfjölskylda málefni fatlaðra - greiðslur á sólarhring***

| | *2018* | *2019* | *2020* | *2021* | *2022* | *2023* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *1.flokkur* | *26.000 kr.* | *29.000 kr.* | *35.000 kr.* | *35.000 kr.* | *36.575 kr.* | *39,976 kr.* |
| *2.flokkur* | *23.000 kr.* | *25.500 kr.* | *30.000 kr.* | *30.000 kr.* | *31.350 kr.* | *34.265 kr.* |
| *3.flokkur* | *18.000 kr.* | *20.000 kr.* | *25.000 kr.* | *25.000 kr.* | *26.125 kr.* | *28.500 kr.* |

## 3. Heimaþjónusta þrif - miðað við 9.3% hækkun

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrissjóðsgreiðslum. Þeir sem eingöngu eru með tekjur frá Tryggingastofnun greiða ekkert fyrir heimaþjónustu.

| | *2018* | *2019* | *2020* | *2021* | *2022* | *2023* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Lægra gjald* | kr. 520 | kr. 600 | kr. 615 | Kr. 635 | 635 | 694 |
| *Hærra gjald* | kr. 785 | kr. 850 | kr. 870 | Kr. 900 | 900 | 984 |

## 4. Fargjald í ferðaþjónustu - óbreytt

Gjaldskráin tekur mið af fargjaldi og gjaldsvæði öryrkja og aldraðra sem ferðast með almenningssamgöngum. Gjaldskráin tekur breytingum í samræmi við gjaldskrá Strætó bs. skv. gjaldskrá Strædó bs. 2022 kostar hver ferð kr. 155 (1 zone/gjaldsvæði) (var árið 2021 kr. 148)

**Dæmi:**

1 zone: kr. 155 (Hveragerði – Selfoss)
2 zone: kr. 310 (Þorlákshöfn –Selfoss)
4 zone: kr. 620 (Árnes – Selfoss) (Borg í Grímsnesi – Selfoss) (Brautarholt- Selfoss) (Laugarvatn – Selfoss)
5.zone: kr. 775 (Laugarás-Selfoss) (Reykholt – Selfoss) (Flúðir-Selfoss)

**Punktar af fundi 26.jan´23 vegna samstarfsverkefnis GOGG, Árborgar og Flóahrepps um vatnsöflun í Kaldárhöfða. Fundur haldinn í Ráðhúsi Árborgar**

Mættir: Ragnar og Smári frá GOGG, Árni, Haraldur og Börkur frá Flóahrepp og Bragi, Sveinn og Sigurjón frá Árborg.

Sveinn Ægir fer yfir tildrög fundarins í framhaldi af skoðunarferð um Kaldárhöfða í desember sl.

Fram kom hjá Ragnari og Smára að miðað við áætlanir GOGG þá þyrfti að hefja rannsóknarboranir síðar á þessu ári. Bora 3-5 holur sem gæti kostað um 10-15 milljónir. Hugmynd þeirra væri að sveitarfélögin þrjú myndu skipta með sér þessum kostnaði.

Smári upplýsir einnig að það sé að fara erindi til Landsvirkjunar um hvort þeir hafi áhuga á að koma að verkefninu. Í fyrirliggjandi skipulagsáætlunum Landsvirkjunar er gert ráð fyrir frekari iðnaði á svæðinu, s.s. vetnisframleiðslu. Allir sammála að það væri styrkur fyrir verkefnið að fá Landsvirkjun inn í það en svar ætti að liggja fyrir frá þeim á vormánuðum.

Aðrir punktar:

- Allir sammála að það sé skynsamlegt að ræða kostnaðarskiptinguna fljótlega til að slíkt sé á hreinu í upphafi. Hvert og eitt sveitarfélag geti unnið ákveðna grunnvinnu áfram en þegar ljóst væri hvað sé hægt að vinna mikið af svæðinu þá þurfi að vinna nánari áætlanir og kostnaðarskiptingu við framkvæmdir og rekstur.
- Á þeim tímapunkti þyrftum við að fá ráðgjafa að verkefninu til að stilla öllum áætlunum upp og mögulegum rekstrarformum.
- Rætt um hvort lítramagn og fjarlægðir séu grunnur að reiknilíkani en fyrsta áætlun um hvað megi vinna á svæðinu er 1000-4000 sekúndulítrar. Til samanburðar kom fram að Reykjavík sé að nota um 700 sekúndulítra.

Allir sammála að fyrsti áfangi í verkefninu sé að fara í rannsóknarboranir á þessu ári til að fá getu svæðisins betur á hreint. Kostnaðarskipting fyrir þennan hluta færi jöfn milli sveitarfélaganna. Síðan yrði tekin ákvörðun um framhaldið.

Næstu skref

- GOGG mun senda erindi á Landsvirkjun um hvort þeir vilji koma að verkefninu og upplýsir aðra aðila í framhaldinu.
- GOGG gerir kostnaðaráætlun fyrir 1.áfanga og sendir á sveitarfélögin til samþykktar.

Stefnt er á næsta fund haustið 2023 þegar niðurstöður úr rannsóknum liggja fyrir en kallað yrði til fundar fyrr sé þess þörf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:40

Fundapunkta ritaði Bragi Bjarnason

# Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU – 97. fundur
# haldinn í fjarfundi 19. desember 2022 og hófst hann kl. 12:00

**Fundinn sátu:**
Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Helgi Kjartansson og Jón Bjarnason.

**Fundargerð ritaði:** Haraldur Þór Jónsson

1. **Uppsögn framkvæmdastjóra**
   15. nóvember sagði Jóhannes Hreiðar Símonarson starfi sínu lausu sem framkvæmdastjóri Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. Jóhannes hefur óskað eftir að ljúka störfum eigi síðar en 31. janúar 2023.

2. **Auglýsing eftir framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra**
   Þegar Jóhannes hóf störf hjá UTU var starfstitill hans skrifstofustjóri. Síðar var starfsheitinu breytt í framkvæmdastjóra. Umræða skapaðist um hvort starfsheitið ætti að nota og var niðurstaðan að auglýsa eftir skrifstofustjóra. Samþykkt að fá Hagvang til að sjá um ráðningarferlið og formanni stjórnar falið að hafa samskipti við Hagvang um að auglýsa eftir skrifstofustjóra og annast ráðningarferlið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:30

# Undirritunarsíða

meðstjórnandi
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 23.01.2023
Tími: 10:02:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf3ef6d7-3a0d-4c41-b224-275ba420885c

varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson

Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 23.01.2023
Tími: 10:03:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf3ef6d7-3a0d-4c41-b224-275ba420885c

meðstjórnandi
Walter Fannar Kristjánsson

Undirritað af:
Walter Fannar Kristjánsson
0609892229
Dags: 23.01.2023
Tími: 09:39:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf3ef6d7-3a0d-4c41-b224-275ba420885c

meðstjórnandi
Jón Bjarnason

Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 31.01.2023
Tími: 10:26:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf3ef6d7-3a0d-4c41-b224-275ba420885c

stjórnarformaður
Haraldur Þór Jónsson

Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 23.01.2023
Tími: 09:41:24
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf3ef6d7-3a0d-4c41-b224-275ba420885c

varamaður í stjórn
Ísleifur Jónasson

Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 23.01.2023
Tími: 16:13:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf3ef6d7-3a0d-4c41-b224-275ba420885c